

SHAUÐÖR
skoðun 12



2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Fasteignir.is



Ólafur Elíasson stofnar
fyrirtækið Little Sun
Selur ódýrar sólarknúnar vörur til
landa þar sem rafmagn er talið
munaðarvara. **allt 2**



FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

13. febrúar 2012
37. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ A ÍSLANDI*



Fyrirsætur í business

Helga Björnsdóttir og Sigríður Hrönn Guðmundsdóttir kynntust við fyrirsætustörf en hafa nú stofnað fyrirtæki.

fólk 30

Umræðan

Þeir sáu Contraband, hressa smyglaramynd. Strákarnir. Og hvað með það?

í dag 12




Haukar í bikarúrslitin

Aron Rafn Eðvarðsson var aðalmaðurinn í sigri Hauka á erkjefundunum í FH.

sport 24

veðrið í dag



VÍÐA NOKKUÐ HVASST í dag má búast við SV-átt, 10-15 m/s, síst inn til landsins S- og A-til. Nokkuð bjart suðaustanlands en þungbúnara en úrkomulítið í öðrum landshlutum. Hiti víða á bilinu 2-8°C.

VEÐUR 4

9 dagar til Óskuldags

Sjáðu búningana okkar á Facebook

Barnabúningar: 1.490, 2.990 og 4.990

PARTÝBÚÐIÐ
ALLT FYRIR VEISLUNA
Faxafeni 11 • sími 534 0534

Minnihluti fylgjandi Vaðlaheiðargöngum

Um 28 prósent vilja að Vaðlaheiðargöng verði gerð í einkaframkvæmd með ríkisábyrgð samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Ríflega 47 prósent eru því andvíg. Landsbyggðarfólk er almennt hlynntara gerð ganganna.

KÖNNUN Um 28 prósent landsmanna vilja að ráðist verði í gerð Vaðlaheiðarganga í ríkistryggðri einkaframkvæmd en 47 prósent eru því andvíg, samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2.

Alls sagðist 15,1 prósent mjög fylgjandi því að göngin verði gerð í einkaframkvæmd og 13,1 prósent frekar fylgjandi. Um 17,7 prósent sögðust því frekar andvíg og 29,5 prósent sögðust mjög andvíg hugmyndinni. Nærri fjórðungur, 24,6 prósent, sagðist hvorki fylgjandi né andvígur lagningu ganganna í ríkistryggðri einkaframkvæmd.

Íbúar landsbyggðarinnar eru almennt hlynntari því að ráðist verði í gerð ganganna. Alls sagðist 42,1

prósent þeirra sem búsettir voru utan höfuðborgarsvæðisins mjög eða frekar fylgjandi áformunum, en 39,1 prósent sagðist mjög eða frekar andvíg þeim.


Talsvert lægra hlutfall íbúa höfuðborgarsvæðisins, 24,6 prósent, sagðist hlynnt göngunum, en 51 prósent var á móti því að gera þau í ríkistryggðri einkaframkvæmd.

Hringt var í 800 manns þann 8. og 9. febrúar. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá og skiptust jafnt eftir kyni, og hlutfallslega eftir búsetu og aldri. Spurt var: Ert þú fylgjandi því eða andvíg(ur) að ráðist verði í gerð Vaðlaheiðarganga í einkaframkvæmd með ríkisábyrgð? Alls tóku 91,9 prósent afstöðu.

- bj

Fleiri á móti göngum í einkaframkvæmd

Ert þú fylgjandi því eða andvíg(ur) að ráðist verði í gerð Vaðlaheiðarganga í einkaframkvæmd með ríkisábyrgð?



HEIMILD: SKOÐANAKÖNNUN FRÉTTABLAÐSINS OG STÖÐVAR 2



MEÐ GUETTA Frá vinstri: Tónlistar- og Christoffer Huse.

Lokka tónlistarmenn til Íslands

TÓNLIST „Við gerum þetta ekki fyrir peninginn heldur aðallega vegna þess að við elskum Ísland,“ segir Trond Opsahl, sem rekur norska viðburðafyrirtækið Sky Agency ásamt Christoffer Huse.

Fyrirtækið stendur fyrir komu plötusnúðsins Tiesto hingað til lands í næsta mánuði. Ef vel gengur með tónleikana vonast þeir félagar til að fleiri flytjendur komi hingað á þeirra vegum og líklega verða margir þeirra töluvert frægari. „Við höfum talað við marga umboðsmenn og listamenn og það virðast allir vilja koma til Íslands.“

- fb / sjá síðu 30

Rammaáætlun í vinnslu:

Úthlutun samt ekki endanleg

ALÞINGI Rammaáætlun um vrend og nýtingu náttúrusvæða felur að mati umhverfisráðherra ekki í sér endanlega úthlutun náttúrusvæða.

„Ég hef velt upp þeirri spurningu í hvaða stöðu núlifandi kynslóð er að setja sig gagnvart framtíðinni með því að taka þessar ákvarðanir í eitt skipti fyrir öll,“ segir Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra.

Umhverfisráðherra og iðnaðar- og atvinnuleysisráðherra fjalla núna um málið, áður en það fer fyrir stjórnarflokkana og Alþingi. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er nú unnið að því að ná sátt um að tillagan breytist ekki í meðförum þingsins.

- kóp / óká / Sjá síðu 8



ÖRYGGIÐ AUKIÐ Undirbúningur fyrir flutning réttargeðeildar Sogns á Kleppspítala stendur nú yfir, og á meðal annars að setja öryggisgirðingu umhverfis spítalann og bæta aðstöðu innandyra. Í kjölfarið verður réttargeðeildinni í Ölfusi lokað.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ný breiðfylking grasrótarsamtaka undirbýr framboð í næstu alþingiskosningum: Sammála um annað en ESB

STJÓRNMÁL Stofnfundur nýrrar breiðfylkingar um framboð til næstu alþingiskosninga var haldinn í gær. Að fylkingunni standa auk annarra þingmenn Hreyfingarinnar, Borgarahreyfingin, Frjálslyndi flokkurinn og ýmis grasrótarsamtök.

„Það er vilji til þess hjá þessum hópum að vinna að þessu, en það er opið fyrir að fleiri bætist í hópinn og ekki víst að allir skili sér í endahöfn,“ segir Margrét Tryggvadóttir, þingmaður Hreyfingarinnar.

Sameiginlegt framboð hefur gengið undir vinnuheitinu Breiðfylkingin, en óskað var eftir hugmyndum að heiti á fundinum í gær.

Margrét segir mikinn samhljóm hafa verið um flest atriði svokallaðrar kjarnastefnu fylkingarinnar, en nú taki við málefnavinna fyrir framhaldsaðalfund sem til standi að halda eftir mánuð. „Það var alger samstaða um mál eins og afnám verðtryggingar og

það er vilji til þess hjá þessum hópum að vinna að þessu, en það er opið fyrir að fleiri bætist í hópinn og ekki víst að allir skili sér í endahöfn.

MARGRÉT TRYGGVADÓTTIR
ÞINGMAÐUR HREYFINGARINNAR

leiðréttingu húsnæðislána,“ segir Margrét. Hún segir fundarmenn þó ekki hafa verið sammála um hvernig fara eigi með aðildarviðræðurnar við Evrópusambandið. Fyrir fundinum lá tillaga um að ljúka viðræðum og leyfa þjóðinni að ákveða framhaldið í þjóðaratkvæðagreiðslu. Ekki náðist samstaða um það, þar sem sumir vildu hætta viðræðum, og aðrir vildu kjósa um hvort halda ætti viðræðum áfram.

- bj

BIOMEGA

D-VÍTAMÍN

fyrir börn og fullorðna

Fæst í helstu apótekum og stórmörkuðum



Þorsteinn, eru menn þá að skegg-appa sig upp?

„Það er að minnsta kosti ljóst að menn skegggræða þetta á kaffistofum landsins.“

Þorsteinn Þorsteinsson, vörustjóri Nokia hjá Hátækni, segir nýja uppfærslu, eins konar skegg-app, standa til boða þeim sem upplifa það að andlitshár þeirra trufur tal í síma með snertiskjá.

Whitney Houston látin:

Fannst á hótélherbergi sínu

FÓLK Söng- og leikkonan Whitney Houston er látin, 48 ára að aldri. Hún lést á hótélherbergi í Beverly Hills aðfaranótt laugardags. Hún er talin hafa druknað í baðkari.

Whitney Houston var ein merkasta söngkona heims, þekktust fyrir lög á borð við I Will Always Love You og Saving All My Love For You. Eiturlyfjaneysla og stormasamt hjónaband Houston og söngvarans Bobby Brown varpaði skugga á glæsilegan feril hennar í seinni tíð.

Houston lést skömmu áður en hún ætlaði að mæta í veislu á vegum plötumóglúlsins Clive Davis í tengslum við afhendingu Grammy-verðlaunanna í Los Angeles.



WHITNEY HOUSTON

Skotípróttamenn ósáttir:

Bíða eftir fundi með ráðherra

ALÞINGI Skotípróttamenn hafa óskað eftir fundi með innanríkisráðherra vegna athugasemda sem þeir gera við drög að nýjum vopnalögum, sem opinberuð voru fyrir nokkru.

„Við erum búnir að óska eftir fundi en höfum ekki fengið svar,“ segir Halldór Axelsson, formaður Skotípróttasambands Íslands. Sambandið sendi inn breytingartillögur og vonast til þess að tekið verði tillit til þeirra.

Verði frumvarpsdrögin að lögum óbreytt þýðir það endalok þriggja skotfimiþróttageirna að mati sambandsins.

Ráðist á mann á áttræðisaldri á heimili hans á Þórshöfn:

Taldi sig eiga óuppgerð mál

LÖGREGLUMÁL Karlmaðurinn sem varð fyrir hrottalegri árás á heimili sínu á Þórshöfn aðfaranótt sunnudags er ekki í lífshættu, samkvæmt upplýsingum frá Sjúkrahúsinu á Akureyri.

Maðurinn, sem er á áttræðisaldri, var illa haldinn þegar hann kom á sjúkrahúsið. Hann var mikið skorinn og lemstraður eftir árásina, meðal annars með höfuðáverka.

Árásin átti sér stað rétt eftir miðnætti. Árásarmaðurinn, sem er karlmaður á þritugsaldri, braust

inn á heimili þolandans og réðist á hann meðal annars með hníf að vopni. Lögregla kom skömmu síðar á staðinn og var árásarmaðurinn þá enn á vettvangi og var handtekinn í framhaldinu.

Hann var drukkinn þegar árásin átti sér stað, en lögregla telur að árásarmaðurinn hafi talið sig eiga einhver óuppgerð mál við húsráðanda.

Þar sem málið telst upplýst er ekki talin þörf á því að fara fram á gæsluvarðhald yfir árásarmanninum.



FRÁ ÞÓRSHÖFN Árásarmaðurinn réðist inn á heimili mannsins á Þórshöfn. Lögregla handtók hann þar, en sleppti svo lausum eftir að málsatvik urðu ljós.

Grikkir mótmæla enn:

Gjaldþrot án nýrra aðgerða

GRIKKLAND Gríska þingið fjallaði í gær um aðgerðaáætlun sem felur í sér stórfelldan niðurskurð ríkisútgjalda. Afgreiða þarf áætlunina til þess að Grikkland geti fengið 130 milljarða evra neyðarlán frá ESB og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

Á sama tíma mótmæltu tugþúsundir á götum Aþenu. Lögregla beitti táragsi á fólkið, sem fellir sig ekki við aukinn niðurskurð.

Evangelos Venizelos fjármálaráðherra Grikkja sagði á þinginu að landið færi lóðbeint á hausinn yrði áætlunin ekki samþykkt.

Hrapaði fjóra metra í miðri leiksýningu

Vinnuferlum verður breytt í Borgarleikhúsinu eftir að Halldór Gylfason leikari féll niður um hlera í miðri leiksýningu á laugardaginn. Fallið kom Halldóri svo á óvart að hann var „slakur eins og fullur karl á hestbaki“ og slapp óbrotinn.

LEIKHÚS „Ég er að átta mig á því núna hversu heppinn ég hef verið að ekki fór verr,“ segir Halldór Gylfason, sem leikur huglausa ljónið í uppfærslu Borgarleikhússins á Galdrakarlinum í Oz.

Á 48. sýningu leikritsins á laugardaginn varð óhappið sem Halldór visar til. „Ég er að koma inn á sviðið og er í miðri setningu þegar ég hverf ofan um hlera á gólfinu. Það eru um fjórir metrar frá hleranum og niður á gólfíð undir sviðinu, en ég dett fyrst um einn metra og lenti á lyftu og fer þaðan niður á gólf,“ lýsir Halldór.

Halldór var klæddur í þykkjan ljónsbúning, sem hann telur að hafi tekið af honum fallið. „Svo átti ég auðvitað ekki von á þessu og var alveg slakur, svona eins og þegar fullur karl dettur af hestbaki. Það hefur örugglega hjálpað.“

Fyrir tilviljun var leikarinn og leikstjóri verksins, Bergur Þór Ingólfsson, á meðal áhorfenda og varð því vitni að slysinu, líkt og aðrir með augun á sviðinu. Hann hljóp strax baksviðs til að athuga með Halldór, sem hvatti Berg til að taka við kyndlinum sem huglausa ljónið.

Þar sem ljóst var að Halldór var ekki alvarlega slasaður samþykkti Bergur það. Hann klæddist búningi ljónsins, steig á svið og útskýrði fyrir áhorfendum hvað hefði komið fyrir. Svo klárði hann sýninguna í hlutverki ljónsins og stóð sig með þryði.

Á meðan á þessu stóð var Halldór fluttur með sjúkrahúsi upp á spítala, þar sem staðfest var að hann væri óbrotinn. Hann var



HALLDÓR SEM HUGLAUSA LJÓNIÐ Áhorfendum á 48. sýningu á Galdrakarlinum í Oz á laugardaginn brá í brún þegar Huglausa ljónið hvarf niður um hlera á gólfinu í miðri sýningu. Fallið var um 4 metrar.

„Ég er mun betri í dag en í gær. Þetta er vonandi bara tognun og mar, ég er bjartsýnn á að jafna mig á þessu á nokkrum dögum.“

HALLDÓR GYLFASON
LEIKARI

hins vegar nokkuð lemstraður, tognður í baki og með verki í hálsi og höfði.

Í gær var 49. sýning á Galdrakarlinum í Oz og í þetta sinn leysti leikstjórinn Halldór af alla

sýninguna. Halldór vonast hins vegar til þess að komast fljótlega aftur á svið.

„Ég er mun betri í dag en í gær. Þetta er vonandi bara tognun og mar, ég er bjartsýnn á að jafna mig á þessu á nokkrum dögum,“ segir hann.

Mannleg mistök réðu því að hlerinn var opin á vitlausum tíma. Vinnuefirlitið er búið að taka út aðstæður og tekin hefur verið ákvörðun um að framvegis geti aðeins einn maður opnað hlerann á meðan á sýningu stendur, til að koma í veg fyrir að svipað óhapp geti átt sér stað aftur.

holmfridur@frettabladid.is



ALLTIL REIÐU Fyrstu flauginni af gerðinni Vega verður skotið upp í dag, ef fram fer sem horfir.

Ný geimflug í jómfrúarferð:

Vega-flaug á loft í fyrsta sinn

VÍSINDI Eldflug af tegundinni Vega verður skotið á loft í fyrsta sinn, rétt fyrir hádegi í dag. Geimferðastofnun Evrópu hefur unnið að þróun flaugarinnar síðustu níu ár.

Flaugin mun flytja níu gervihnetti á braut um jörðu, en helsta markmiðið með Vega-flaugunum er að sjá til þess að evrópskir aðilar hafi eigin skotaðstöðu og flaugar og verði því síður háðir öðrum ríkjum, til dæmis Rússum, við að skipuleggja geimskot.

Flauginni, sem er um 30 metrar á lengd, verður skotið upp frá Frönsku-Gvæana, í Suður-Ameríku.

Túrkmenar kjósa forseta:

Litlar líkur á ósigri forsetans

TÚRKMENISTAN, AP Ekki er mikilla tíðinda að vænta úr forsetakosningunum sem fóru fram í Túrkmenistan í gær.

Sitjandi forseti, Gurbangúllí Berdimúkhamedov, á sigur vísan þar sem enginn af sjö mótframþjóðendum hans hefur háð kosningabaráttu að ráði. Hann var fyrst kjörinn fyrir fimm árum og hefur fetað sömu braut leiðtoga-dýrkunarinnar og forveri hans, Túrkmenbashi.

Túrkmenistan, sem áður var hluti af Sovétríkjunum, er ríkt af auðlindum, en nokkuð þykir vanta upp á frelsi almennings.

Bændur telja Ísafjarðarbæ ábyrgan fyrir tjóni vegna díoxín-mengunar frá Funa:

Vilja skýr svör um bótaskyldu

UMHVERFISMÁL Þrír bændur telja að Ísafjarðarbær beri ábyrgð á því tjóni sem þeir urðu fyrir af völdum díoxín-mengunar frá sorpbrennslustöðinni Funa í Engidal. Lögmaður bændanna hefur skrifað Ísafjarðarbæ, sem átti og rak Funa, og óskað eftir afstöðu sveitarfélagsins til bótaskyldu.

Í bréfinu segir einnig að bændurnir hafi orðið fyrir miklu tjóni vegna mengunarinnar. Næstu vikur og mánuðir fari í að meta tjónið og ekki sé ósennilegt að leita þurfi til dómkvaddra matsmanna, náist ekki samkomulag við sveitarfélagið.

Eftir að málið kom upp þurfti að slátra öllu búfé á bænum Efri-Engidal og Kirkjubóli í Skutulsfirði. Auk þess þótti nauðsynlegt að slátra sjö kálfum frá Neðri-Hjarðardal í Dýrafirði þar sem þeir komu allir frá Efri-Engidal. Fengu bændurnir ekkert greitt fyrir afurðirnar enda var þeim fargað.

Hinn 11. janúar síðastliðinn var aflétt banni á nýtingu fódurs frá svæðinu. „Niðurstöðurnar breyta hins vegar engu um þann búfénað sem var eða er mengaður, né heldur breyta niðurstöðurnar banni á nýtingu eldra fódurs frá Engidal. Áfram er því bann við nýtingu afurða þeirra dýra sem alin voru á fódri



SORPBRENNSLAN FUNI Díoxín fannst í kjóti, mjólk og fódri með þeim afleiðingum að bændur misstu lífsviðurværi sitt.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

frá svæðinu þegar mengunin var meiri en nú er,“ segir í bréfi lögmannsins til sveitarfélagsins.

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur óskað eftir umsögn Andra Arnasonar, bæjarlögmanns Ísafjarðarbæjar, um málið.

- shá



11 ástæður
til þess að fara inn á avisbilar.is

... og krækja sér í bíl á frábæru verði!

Eigð'ann

- ✓ Nýlegir bílar
- ✓ Allir í toppástandi
- ✓ Fara í gegnum gæðaskoðun AVIS
- ✓ Þriggja daga reynsluakstur

Leigð'ann

- ✓ 12-36 mánaða binditími
- ✓ Engin útborgun
- ✓ Ábyrgðar- og kaskótrygging
- ✓ Bifreiðagjöld
- ✓ 20.000 km á ári
- ✓ Sumar- og vetrardekk
- ✓ Þjónustuskóðanir og smáviðhald

www.avisbilar.is

S. 591 4000

AVIS

Við gerum betur.

Madrid

í vor með VITA

4 nætur 27. apríl - 1. maí



Madrid á Spáni 27. apríl, 4 nætur

Madrid er borg menningar og lista, fótbolta, matar og mannlífs, og það fram á rauða nótt. Borg sem kemur skemmtilega á óvart með breiðstræti sín, öngstræti, göngugötur, fögru hallir og kirkjur, heimsfrægu myndlistarsöfn, gróðursælu almenningsgarða, hjalandi gosbrunna og síðast en ekki síst iðandi mannlíf.

Verð frá 99.900 kr.*
og 15.000 Vildarpunktur

M.v. 2 í tvíbýli á Meliá Hotel Galgos með morgunverði 27. apríl í fjórar nætur.
Innfalið: flug, flugvallarskattar, gisting með morgunverði og íslensk fararstjórn.

*Verð án Vildarpunkta 109.900 kr.

Fararstjóri: Kristinn R. Ólafsson

Kristinn R. Ólafsson er þekktastur fyrir útlitarpistla sína frá Spáni í 30 ár en hann hefur búið í Madrid síðan 1977 og er án efa einna fróðastur Íslendinga um Spán nútímans og sögu landsins og menningu.

ISLENSKA SÍÐALIS VIT 58118 0212

VITA er í eigu Icelandair Group.



VITA | Suðurlandsbraut 2 | Sími 570 4444 | VITA.is



VITA er lífið

GENGIÐ 10.02.2012

GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA	
Bandaríkjadalur	121,90	122,48
Sterlingspund	192,94	193,88
Evra	161,55	162,45
Dönsk króna	21,733	21,861
Norsk króna	21,165	21,289
Sænsk króna	18,316	18,424
Japanskt jen	1,5674	1,5766

SDR 189,10 190,22

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

221,9666

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



SKYNDIHIJÁLPARMAÐUR ÁRSINS 2011
Gísli Örn Gíslason sýndi hárrétt handtök þegar dóttir hans hans fór í hjartastopp á heimili þeirra. MYND/RAUÐI KROSS ÍSLANDS

Verðlaun fyrir skyndihjálp:

Bjargaði lífi dóttur sinnar

SLYSÁVARNIR Gísli Örn Gíslason er skyndihjálparmaður ársins 2011 að mati Rauða kross Íslands. Hann bjargaði lífi dóttur sinnar, Sigurbjargar Jóhannu, 29. janúar árið 2011.

Feðginin ætluðu bæði að vera að heiman þetta kvöld, en röð tilviljana réði því að þau voru bæði stödd í herbergi Sigurbjargar þegar hún fór í hjartastopp. Gísli hóf strax hjartahönd og kallaði á eigin konu sína, sem hringdi í sjúkrahúsi. Sjúkraflutningamenn og lögreglumenn komu á staðinn 7 til 8 mínútnum síðar.

Gísli tók við viðurkenningu Rauða krossins í Smáralind á laugardag, á 112 daginn. - hhs

LÖGREGLUMÁL

Ofstopi hræddi börn

Útigangsmenn með ofstopa og ógnandi tilbúðri við fólk á Klambatrúni grættu börn sem skelfdust þá um miðjan dag í gær. Þeir voru á bak og burt þegar lögregla kom á vettvang.

Bíl var ekið yfir fót

Klukkan hálf fimm aðfaranótt sunnudags var lögreglu tilkynnt að bíl hefði verið ekið yfir rist manns í Austurstræti og af vettvangi. Bíllinn fannst heima hjá skráðum eiganda hálf tíma síðar en ekki var ljóst hver hafði ekið. Eigandinn og gestur hans voru báðir handteknir.

Sprengjumálið upplýst eftir játningu Suðurnesjamanns á áttæðisaldri:

Tilgangurinn var ekki að valda skaða

LÖGREGLUMÁL Karl á áttæðisaldri hefur játað að hafa komið fyrir sprengjunni sem sprakk á Hverfisgötu, skammt frá Stjórnarráðinu, snemma að morgni 31. janúar síðastliðinn. Hann mun hafa verið einn að verki og hefur verið sleppt úr haldi.

Í tilkynningu frá lögreglu segir að tilgangur mannsins með sprengjunni hafi ekki verið að valda skaða, heldur að koma ákveðnum skilaboðum á framfæri til stjórnvalda.

Ekkert hefur enn komið fram

um hvaða skilaboð það voru.

Þá er sprengjan ekki talin hafa verið til þess fallin að valda eyðileggingu eða hættu, enda hafi maðurinn staðið við hlið sprengjunnar er hún sprakk.

Maðurinn var handtekinn á heimili sínu í Reykjanesbæ á föstudag, og við húsléit fannst ýmislegt sem tengdist málinu. Þá var bíll mannsins af sömu gerð og lýst var eftir í fjölmiðlum.

Lögreglan var með mikinn viðbúnað eftir að upp komst um sprenginguna þar sem Hverfisgötu



NÁÐIST Á MYND Sprengjumaðurinn náðist á mynd skömmu eftir atvikið.

var lokað á meðan sprengjusveitir Landhelgisgæslu og lögreglu rannsökuðu sprengjuleifarnar. - þj

Aukinn stuðningur við framboð Ólafs

Tæplega 54 prósent landsmanna vilja að Ólafur Ragnar gefi kost á sér í forsetakosningum í vor samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Stuðningur við að Ólafur gefi kost á sér hefur aukist nokkuð síðustu mánuði.

KÖNNUN Ríflega helmingur landsmanna vill að Ólafur Ragnar Grímsson gefi kost á sér fyrir fimmta kjörtímabilið sem forseti Íslands, samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2.

Alls sögðu 53,8 prósent þeirra sem afstöðu tóku að þeim fyndist Ólafur Ragnar eiga að gefa kost á sér í kosningunum í sumar, en 46,2 prósent voru á öndverðum meiddi. Könnunin var unnin dagana 8. og 9. febrúar.



ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON

Stuðningur við að Ólafur Ragnar gefi kost á sér í forsetakosningum sem fram eiga að fara í júní næstkomandi hefur aukist frá því í september á síðasta ári. Í sambærilegri könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 sögðust þá 47,6 prósent vilja að Ólafur gæfi kost á sér í embættið, og hefur stuðningurinn því aukist um 6,3 prósentustig á fimm mánuðum.


29 þúsund undirskriftir safnast

Undanfarnar vikur hefur hópur stuðningsmanna Ólafs Ragnars safnað undirskriftum fólks sem skorar á hann að gefa kost á sér áfram. Í gær voru rétt rúmlega 29 þúsund undirskriftir skráðar á vefsíðu söfnunarinnar, askoruntilforseta.is.

Sú tala gæti reyndar átt eftir að lækka eitthvað, þar sem kennitölur þeirra sem skráðir eru hafa ekki verið keyrðar saman við þjóðskrá. Þeir sem standa fyrir undirskriftasöfnuninni hafa verið gagnrýndir fyrir að undirskriftirnar séu ekki birtar á síðunni.

Meirihluti vill að Ólafur gefi kost á sér

Finnst þér að Ólafur Ragnar Grímsson ætti að gefa kost á sér fyrir fimmta kjörtímabilið sem forseti Íslands þegar kosið verður í sumar?



Stuðningur við að Ólafur Ragnar gefi kost á sér er mestur meðal stuðningsmanna Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, en er einnig mikill meðal þeirra sem styðja nýju framboðin Samstöðu og Bjarta framtíð.

Alls vilja 63 prósent stuðningsmanna Framsóknarflokksins Ólaf í framboð í sumar, og 57 prósent þeirra sem kjósa myndu Sjálfstæðisflokkinn. Í kringum 60 prósent meðal þeirra sem styðja Samstöðu og Bjarta framtíð voru sömu skoðunar.

Áhugi á því að Ólafur gefi kost á sér áfram er minnstur meðal þeirra sem kjósa myndu Samfylkinguna, um 32 prósent. Helmingur stuðningsmanna hins stjórnarflokksins, Vinstri græns, vill að Ólafur sækist eftir endurkjöri.

Stuðningur við að Ólafur gefi kost á sér í sumar er meiri meðal karla en kvenna, og mun meiri meðal fólks undir fimmtugu en þeirra sem eldri eru. Þá styðja íbúar landsbyggðarinnar Ólaf frekar en þeir sem eldri eru.

Hringt var í 800 manns dagana 8. og 9. febrúar. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni, og hlutfallslega eftir búsetu og aldri.

Spurt var: Finnst þér að Ólafur Ragnar Grímsson ætti að gefa kost á sér fyrir fimmta kjörtímabilið sem forseti Íslands þegar kosið verður í sumar? Alls tóku 89,9 prósent afstöðu. brjann@frettabladid.is

Aukið eftirlit skilar árangri:

Minna ofbeldi í miðborginni

LÖGREGLA Dregið hefur úr ofbeldi tengdu skemmtanahaldi í miðborg Reykjavíkur. Lögreglan þakkar fækkunina auknu eftirliti og góðu samstarfi við starfsfólk og dyraveirði veitingastaða.

Þá er það tilfinning lögreglumanna að aukið eftirlit hafi fælt sölumenn fíkniefna í einhverjum mæli frá þessum stöðum, að því er fram kemur í tilkynningu frá varðstjóra í vesturbæ Reykjavíkur. Um nýliðna helgi könnuðu ómerkta lögreglumenn aðstæður á skemmtistöðum. - hhs

Bláamaður Fréttablaðsins: Hlaut fjölmiðla-verðlaun KSÍ

FJÖLMIÐLAR Óskar Ófeigur Jónsson, blaðamaður á Fréttablaðinu og Vísi.is hlaut um helgina fjölmiðlaviðurkenningu Knattspyrnusambands Íslands (KSÍ) fyrir árið 2011. Í frétt á vef KSÍ segir að Óskar hafi notað tölfræði mikið í sínu starfi og með góðum árangri.



ÓSKAR ÓFEIGUR JÓNSSON

„Hann hefur um árabíl fjallað um knattspyrnu og hefur jafnan haldið umfjöllun um kvenna-knattspyrnu mjög á lofti“, segir aukinheldur á vef KSÍ.

Geir Magnússon, formaður KSÍ, afhenti Óskari viðurkenninguna á ársþingi sambandsins á laugardag. - þj

70% fleiri samningar:

Aukinn kraftur í íbúðamarkað

EFNAHAGSMÁL Aukið líf heldur áfram að færast í íbúðamarkað á höfuðborgarsvæðinu. Alls var þinglýst 372 kaupsamningum um íbúðarhúsnæði á svæðinu í janúar sem er 70 prósent aukning frá sama mánuði í fyrra.

Velta samninganna nam rétt tæplega 11 milljörðum króna. Meðalupphæð á kaupsamning er því 29,4 milljónir króna.

Á árinu 2011 voru kaupsamningar á höfuðborgarsvæðinu samtals 4.613 og fjölgaði um 54 prósent milli ára.

Þá hækkaði íbúðaverð um tíu prósent að nafnvirði og fimm að raunvirði. - mþl

VEÐURSPÁ

Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður

MILT Í VEÐRI
Nokkuð hlýtt er á landinu í dag og næstu daga en búast má við hægt kólnandi veðri frá miðvikudegi. Í dag blæs nokkuð hressilega í flestum landshlutum, á morgun eru horfur á nokkuð hægum vindi en á miðvikudaginn hvessir á nýjan leik við V-ströndina.

Á MORGUN 3-8 m/s um allt land. MIÐVIKUDAGUR Strekkingur V-til, annars hægarí.


Stað	Hitastig
Alicante	10°
Basel	-1°
Berlín	0°
Billund	2°
Frankfurt	0°
Friedrichshafen	-3°
Gautaborg	1°
Kaupmannahöfn	1°
Las Palmas	19°
London	6°
Mallorca	8°
New York	5°
Orlando	18°
Ósló	-4°
París	5°
San Francisco	12°
Stokkhólmur	-3°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.



Cheerios - 2 skálar
Djúsi - 1 glas
Banani - 1/2
Vatn - 3 glös

KJÖRKASSINN




Gætir þú hugsað þér að nota svokallaða skyndibíla eins og hugmyndir hafa komið fram um nýlega?

JÁ	35,8%
NEI	64,2%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Getur þú hugsað þér að kjósa eitthvað af þeim nýju framboðum sem eru að koma fram?

Segðu þína skoðun á vísir 

Borgarráð ákvað að lagfæra Tjarnarbíó til að treysta grundvöll rekstrar í húsinu: Tuttugu milljónir í hljóðeinangrun

REYKJAVÍKURBORG Ákveðið hefur verið að freista þess að hindra hljóðmengun frá Tjarnarbíó með framkvæmd sem áætlað er að kosti 18 til 20 milljónir króna. Eins og fram kom í Fréttablaðinu á miðvikudaginn segist fólk sem býr í húsi sem áfast er við Tjarnarbíó vart haldast við á heimili sínu þegar háværir tónleikar eru í bíóinu. Mælingar sýndu að hljóðmagnið var langt yfir heilbrigðismörkum. Af þeim sökum var starfseminni settar skorður. Með þeim er talið að rekstrargrundvöllinum væri kipt

undan húsinu. Það eru sjálfstæðir leikhópar sem leigja Tjarnarbíó af Reykjavíkurborg. Í áætlun sem borgarráð samþykkti á fimmtudag er gert ráð fyrir að skera vegg milli húsanna og steypa nýjan vegg með hljóðeinangrun. Annar möguleiki var að breyta hinu áfasta íbúðarhúsi í atvinnuhúsnæði með skrifstofum sem ekki væru viðkvæmar fyrir hávaða að kvöldlagi. Talið er að endurbæturnar muni taka um fjórar vikur þegar í þær verður ráðist.

Hávaði úr Tjarnarbíóí hrakti fólk að heiman



FRÉTTABLAÐIÐ Sagt var frá því í blaðinu á miðvikudag að íbúar á Suðurgötu 15 væru langþreyttir á mikilli hávaðamengun frá Tjarnarbíó.



FRAMKVÆMDIR Árið 2011 urðu flest gjaldþrot í byggingastarfsemi og mannvirkjagerð, alls 329. **FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN**

Gjaldþrotum fjölgaði: Metfjöldi fór í þrot árið 2011

EFNAHAGSMÁL Alls urðu 1.578 fyrirtæki gjaldþrota á árinu 2011 og hafa aldrei verið fleiri á einu ári. Til samanburðar urðu 982 fyrirtæki gjaldþrota á árinu 2010. Þetta kemur fram í tölum Hagstofunnar um nýskráningar og gjaldþrot sem birtar voru nýlega. Í umfjöllun Greiningar Íslandsbanka segir að ástæða þessa mikla fjölda sé umfangsmikil endurskipulagning atvinnulífsins sem hafi náð hámarki á síðasta ári. Gjaldþrotatölurnar bendi til þess að atvinnulífið sé enn nokkuð laskað en einnig að nauðsynleg endurskipulagning hafi loks komist á almennilegt skrið.

Framkvæmdir í ferðamálum: 69 milljónir til uppbyggingar

FERÐAÍDNADUR Þrjátíu verkefni fá styrki úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða í ár, en þetta er í fyrsta sinn sem úthlutað er úr sjóðnum. Alls verður 69 milljónum króna úthlutað til að stuðla að uppbyggingu, viðhaldi og verndun ferðamannastaða í opinberri eigu eða umsjón. Hæstu styrkir, fimm milljónir króna hver, eru veittir vegna framkvæmda við Gullfoss, Fjallabakssvæði, Skógafoss og Hveravelli. Alls bárust 124 umsóknir og nam umbeðin upphæð tæpum 455 milljónum króna.

Vatnsmýrin endurbætt fyrir Tjarnarfugla og fólk

Metnaðarfullt verkefni um endurbætur friðlandsins í Vatnsmýri er að hefjast. Varpland verður bætt, votlendi endurheimt og gerð gangskör í rannsóknnum. Sérstaklega gætt að þekkingarmiðlun til almennings.

UMHVERFISMÁL Norræna húsið, Reykjavíkurborg og Háskóli Íslands hafa tekið saman höndum um endurbætur á friðlandinu í Vatnsmýrinni. Endurbæturnar fela meðal annars í sér að tryggja Tjarnarfuglum öruggt varpland, uppræta ágengar plöntur í friðlandinu og endurnýja og viðhalda líffræðilegum fjölbreytileika á svæðinu. „Það er löngu tímabært að taka til á svæðinu, hjálpa fuglum um lífga svo skemmtilega upp á miðborgina og gera svæðið að raunverulegum gríðastað fugla, gróður og vatnalífvera,“ segir Þuríður Helga Kristjánsdóttir, verkefnastjóri hjá Norræna húsinu, en hugmyndin fæddist hjá starfsfólki Norræna hússins fyrir allnokkru. Hópur sérfræðinga, eftir milligöngu Norræna hússins, hefur komið með tillögur að úrbótum sem þegar eru hafnar. Þuríður segir að ætlunin sé að gera svæðið að fyrirmynd fyrir endurheimt votlendis. Í fyrsta áfanga verði klárað að girða friðlandið af með síki og lækka landið, til að mynda votlendi, og uppræta óæskilegan gróður. Einnig verður vatni beint betur um síkin svo koma megi í veg fyrir að þau þorni upp og vatn í þeim staðni. „En það er ljóst að þessar framkvæmdir verða ekki einar og sér til þess að bæta ástandið við Tjörnina. Fleira þarf að koma til.“ Alþekkt er að fuglum fer fækkaandi sem verpa í friðlandinu og vistkerfinu þar fer hnignandi. Þuríður vísar þar til vöktunar þeirra Ólafs Karls Nielsen og Jóhanns Óla Hilmarssonar undanfarin ár. Þeir hafa bent á að nauðsynlegt sé að taka upp fyrri sið og ráða eftirlitsmann við Tjörnina, eða „andapabba“ eins og hann var kallaður.



	Votlendi
	Tjarnir og síki
	Malbikaður stígur
	Malarstígur
	Nýr stígur
	Upplýsingaskilti
	Lagnir
	Lóðarmörk
	Sandfjara við austurenda tjarnar
	Fuglaskoðunarhús og bryggja
	Núverandi hús
	Afmörkun á því svæði sem deiliskipulagsbreytingin tekur til

- Útrýming óæskilegra tegunda
- Nýtt síki svipað og þau sem áður hafa verið gerð
- Stígur milli Hringbrautar og Norræna hússins
- Fuglaskoðunarhús og bryggja
- Endurheimt votlendis – skapa skilyrði fyrir votlendi, land lækkað
- Stjórnun rennsis við megininnstreymi
- Lagfæra aðgengi að brú
- Breytingar á bakka við Norræna húsið

FRÍDLAND Í VATNSMÝRI. SKÝRINGARUPPDÁTTUR. FRAMKVÆMDA- OG EIGNASVIÐS REYKJAVÍKURBORGAR. LANDMÓTUN SF. TEIKNISTOFA

Markmið framkvæmdanna í Vatnsmýri

- Tryggja Tjarnarfuglum öruggt varpland
- Gefa vísbendingu um þann gróður sem einkenndi svæðið fyrr á tímum
- Endurnýja og viðhalda líffræðilegum fjölbreytileika á svæðinu
- Gera svæðið að fyrirmynd fyrir endurheimt votlendis
- Rannsóknir á svæðinu verði styrktar og þekkingu miðlað til almennings
- Auka áhuga og þekkingu almennings á náttúrusvæðum innan og utan borgarinnar



Þuríður tekur undir með Ólafi og Jóhanni Óla og telur það geta skipt sköpum að eftirlitsmaður sé við Tjörnina til að fódra ungfugla, hirða um varp og bægja frá ungdrapurum.

Settist óboðinn í lögreglubíl: Ölvaður og æstur braut rúðu

LÖGREGLA Ölvaður og æstur maður var handtekinn við krá í Hafnarfirði aðforanótt laugar dags. Maðurinn hafði þá í bræðis-kasti brotið afturrúðu í lögreglubíl. Áður hafði hann óboðinn sest upp í bílinn, en verið vísað úr honum. Lögregla segir manninn skipverja á erlendu skipi. Í skýrslu lögreglu af atburðum næturinnar kemur jafnframt fram að maður hafi verið handtekinn við krá á Laugavegi, en á heimili hans hafi fundist nokkurt magn af kannabiseftum.



Ókeypis heyrnarmæling

Pantaðu tíma í ókeypis heyrnarmælingu og leyfðu okkur að leiðbeina þér við val á heyrnartækjum með allt að fjögurra ára ábyrgð.

HEYRNARSTÖÐIN

Læknastöðin • Kringlunni
Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

Nýr Yaris.

Hannaður með framtíðina í huga.



ISLENSKAVANASTOY 06/14 02/12



NÝR YARIS ER LEIÐANDI BÍLL.

Hann er búinn Toyota Touch kerfinu sem inniheldur bakkmyndavél, snertiskjá og framtíðarvænt fjarskiptakerfi sem veitir þér m.a. aðgang að tónlistinni þinni, upplýsingar úr aksturs-tölvu og notkunarmöguleika með farsímanum þínum. Toyota Touch & Go gefur þér kost á kortaleiðsögn á íslenskum vegum.

Það er sama hvert þú ætlar í lífinu. Nýr Yaris með Toyota Touch & Go, bakkmyndavél, sjö loftpúðum og eldsneytisnýtingu frá 3.91 á 100 km auðveldar þér vegferðina. Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is/yaris
Erum á Facebook - Toyota á Íslandi



Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogi
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Búnaðurinn í bílnum í þessari auglýsingu getur í einhverjum tilvikum verið frábrugðinn því sem í boði er hér á landi.

VEISTU SVARIÐ?



1. Hvaða stofnun greip í taumana vegna útflutnings á gullmunum til bræðslu?
2. Hvað kostar að taka stúdentspróf í fjarnámi?
3. Hvar er eldgamalt stöðuvatn sem rússneskir vísindamenn hafa borað sig ofan í?

SVÖRIN

1. Sögfræðingurinn. 2. Stjórnunarskólakennitala. 3. Vindurinn á Suðurlandi.

Óvissa um Vaðlaheiðargöng: Farið fram á að tilboð í göngin verði framlengt

SAMGÖNGUMÁL Lægsta tilboð í Vaðlaheiðargöng rennur út á morgun, 14. febrúar. Formleg ósk um að það verði framlengt um fjóra mánuði var lögð fram fyrir helgi.

Fjórir mánuðir eru liðnir frá því að tilboð voru opnuð í gerð Vaðlaheiðarganga en lægsta boð kom frá ÍAV og Marti og var upp á tæpa níu milljarða króna, um hálfum milljarði króna undir kostnaðar-áætlun. Stjórn Vaðlaheiðarganga hefur nú farið þess á leit við verk-takana að þeir framlengi tilboð sitt um fjóra mánuði.

Með framlengingu tilboðsins vonast menn til að skapa Alþingi nægilegt svigrúm til að móta endanlega afstöðu til verkefnisins.

LÖGREGLUMÁL

Braut og bramlaði

Gestgjafi í unglingsamkvæmi brást reiður við þegar lögregla stöðvaði samkvæmið aðfaranótt laugardags. Hóf gestgjafinn að „brjóta og bramla“ eins og lögregla lýsir því. Ungmennin voru færð á lögreglustöð þar sem forráðamenn sóttu þau.

Stunginn og fangelsaður

Maður sem hlaut hnífstungu í stymplingum í miðbæ Reykjavíkur aðfaranótt föstudags var fangelsaður með fjórum öðrum eftir að gert hafði verið að sárur hans.

Mannréttindafulltrúi Evrópuráðsins segir umbóta þörf á Íslandi:

Vill alhliða lög gegn mismunun

MANNRÉTTINDI Ísland þarf alhliða lög gegn mismunun og óháða jafnréttisnefnd til þess að hrinda ákvæðum laganna í framkvæmd. Þetta sagði mannréttindafulltrúi Evrópuráðsins, Thomas Hammarberg, að lokinni tveggja daga heimsókn til Íslands.

Hann kynnti sér meðal annars mismunun og umbætur á jafnréttislöggjöf þar sem horft er til jafnréttis kynjanna, þjóðernisuppruna, kynþátta, einstaklinga með fötlun, aldraðra, réttinda samkynhneigðra og transfólks.



THOMAS HAMMARBERG

fulltrúinn segir yfirvöld þurfa að grípa til sérstakra aðgerða til þess að koma í veg fyrir fátækt sem

Hammarberg segir gildandi lög veita þessum hópum misgöða vernd, ofbeldi gegn konum sé viðvarandi vanda-

mál og herða þurfi baráttu gegn mansali. Mannréttinda-

fulltrúinn segir yfirvöld þurfa að grípa til sérstakra aðgerða til þess að koma í veg fyrir fátækt sem

kunni að vera að aukast meðal einstaklinga með fötlun, einstæðra foreldra, aldraðra og innflytjenda.

Fulltrúinn nefnir að á Íslandi megi merkja ótta við útlendinga og múslíma í umræðum á netinu og í öðrum miðlum.

Það er skoðun mannréttinda-

fulltrúans að sjálfstæði dómsskerfisins hafi aukist og nefnir hann sérstaklega umbætur á skipan dómara. Fjárfraumlög til ákærvaldsins eru ekki í samræmi við málafjölda, að því er Hammarberg segir.

Viðbrögð frá ráðuneyti: Iðgjöld í LSR þurfa að hækka

EFNAHAGSMÁL Hækka þarf iðgjöld til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) til að bregðast við neikvæðri stöðu A-deildar sjóðsins.

Skýrt kemur fram í lögum um sjóðinn að haga þurfi iðgjöldum í samræmi við skuldbindingar. Það að heildarstaða hans sé neikvæð um 47,4 milljarða króna bendir því til þess að hækka þurfi iðgjöldin í framtíðinni til að mæta auknum skuldbindingum, að því er fram kemur í fréttatilkynningu fjármálaráðuneytisins og Fjárflyslu ríkisins.

Rammaáætlun felur ekki í sér endanlega úthlutun

Umhverfisráðherra segir rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða ekki fela í sér endanlega úthlutun náttúrusvæða. Varasamt sé að binda hendur komandi kynslóða. Kostnaður er hálfur milljarður.

ALÞINGI Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra segir ekki rétt að halda því fram að í rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða felist endanleg úthlutun þeirra náttúrusvæða sem þar eru undir. Vinna við áætlunina er á lokaspretti og hún segir hana vera forgangsverkefni hjá sér og Oddnýju G. Harðardóttur, starfandi iðnaðarráðherra.



SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR

„Ég hef velt upp þeirri spurningu í hvaða stöðu núlifandi kynslóð er að setja sig gagnvart framtíðinni með því að taka þessar ákvarðanir í eitt skipti fyrir öll, en fyrst og fremst er þetta mjög mikilvægt ferli sem ég er alveg handviss um að er náttúruvernd til framdráttar.“

Hugmyndin að baki rammaáætluninni var að skrá þau náttúrusvæði sem mætti nýta, svo sem til verkjana, og þau sem ætti að vernda. Einhver lenda svo í biðflokki og ákvörðun varðandi þau bíður þá betri tíma.

Svandís segir þessa afstöðu sína ekki ganga gegn grunnhugsun áætlunarinnar. „Nei, en ég tel rétt að halda þeirri spurningu vakandi hvaða vald við erum að taka okkur.“

Samkvæmt þingmálaskrá á að leggja rammaáætlun fram í byrjun febrúar. Ljóst er að málið gæti orðið ríkisstjórninni erfitt, enda umdeilt hvar á að virkja og hvar vernda.



URRIDAFOSS Mikill styr stendur um fyrirhugaðar virkjanir í neðri hluta Þjórsár, en rammaáætlun gerir ráð fyrir þremur virkjunum þar.

Kostnaður við 2. áfanga*

2005-2009	394.452**
2010	34.599
2011	25.361
Alls	454.812

* Á verðlagi hvers árs

** Allar tölur eru í þúsundum króna

Málið er nú á borði umhverfisráðherra og iðnaðarráðherra. Þegar þeir hafa náð saman um það verður það kynnt í ríkisstjórn og þaðan fer það fyrir stjórnarflokkana áður en það er lagt fyrir Alþingi.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er nú unnið að því að ná sátt um að tillagan breytist ekki í meðförum þingsins; komi þaðan út eins og hún fór þangað inn. Telja menn að ef opnað

verði fyrir umræðu um einstaka kosti þýði það umræðu um hvert og eitt einasta landsvæði. Því þurfi að ná sátt um umdeild svæði eins og neðri hluta Þjórsár áður en málið kemur á Alþingi.

Líkt og sést á meðfylgjandi töflu er kostnaður við 2. áfanga áætlunarinnar um hálfur milljarður. Við það bætist undirbúningskostnaður á árunum 2005 til 2006 og einhver kostnaður við 1. áfanga áætlunarinnar.

kolbeinn@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Gæðum tilveruna góðu ljósi

Glæsilegir lampar á tilboði og eldri gerðir lampa á rýmingarverði.



Maggie ljósakróna
Rýmingarverð: **6.900 kr.**
(Fullt verð: 11.900 kr.)



Lightsack borðlampi
Rýmingarverð: **8.900 kr.**
(Fullt verð: 19.900 kr.)




TILBOÐS- & RÝMINGARVERÐ
í febrúar.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Skoðanakönnun um landsdómsmálið

Ert þú fylgjandi því eða andvíg(ur) að Alþingi dragi til baka ákærna á hendur Geir H. Haarde fyrir Landsdómi?



Heimild: Skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2

Þjóðin klofin í afstöðu til ákæru fyrir Landsdómi:

Tæplega 44 prósent vilja falla frá ákæru

KÖNNUN Þjóðin er klofin í tvær jafnar fylkingar í afstöðu sinni til þess hvort Alþingi eigi að draga til baka ákærna á hendur Geir H. Haarde fyrir Landsdómi, samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2.

Alls sögðust 43,5 prósent þeirra sem afstöðu tóku til spurningarinnar mjög eða frekar fylgjandi því að draga ákærna til baka, en 44,4 prósent sögðust því mjög eða frekar andvíg. Um 12,1 prósent sagðist hlutlaus í málinu.

Meirihluti stuðningsmanna stjórnarflokksins er andvígur því að ákæran verði dregin til baka. Um 67,5 prósent stuðningsmanna Samfylkingarinnar vilja halda ákærinni til streitu, líkt og 74,1

prósent stuðningsmanna Vinstri græns.

Um 75,6 prósent stuðningsmanna Sjálfstæðisflokksins sögðust vilja draga ákærna til baka, en 19,3 prósent voru því andvíg. Um 60,5 prósent stuðningsmanna Framsóknarflokksins vildu falla frá ákærinni.

Hringt var í 800 manns dagana 8. og 9. febrúar. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni, og hlutfallslega eftir búsetu og aldri.

Spurt var: Ert þú fylgjandi því eða andvíg(ur) að Alþingi dragi til baka ákærna á hendur Geir H. Haarde fyrir Landsdómi? Alls tóku 94,3 prósent afstöðu.

- bj

Verðlækkun

Núna kr. 3.090.000

Losnaðu við þann gamla í dag
Núna er tækifærið að losna við þann gamla.
Settu gamla bílinn þinn upp í nýjan Mazda.
Nýttu lækkað verð á Mazda í dag.
Komdu á Bíldshöfða 8.



Lækkað verð í dag
3.090.000 kr.

Mazda3 Advance 5 dyra
1,6i bensín. 105 hð. Beinskíptur.
Fáanlegur dísil.
Eldsneytisnotkun 6,5 l/100 km
Koltvísýringur CO₂ 149 g/km
Verð áður kr. 3.190.000
Verð kr. 3.090.000
Mánaðargreiðsla kr. 35.121*
Árleg hlutfallstala kostnaðar 10,26%


Kauptu bara öruggar vörur

Fáðu þér Mazda3

Þetta hér segir þér að Mazda er örugg kaup:
Áreiðanleiki, lágur rekstrarkostnaður, lág bilanatíðni, frábær í endursölu, sportlegt útlit og góðir aksturseiginleikar. Mazda er japönsk gæðavara. Þú færð mikið fyrir minna í dag. Settu gamla bílinn upp í nýjan Mazda. Kauptu örugga vöru. Komdu í Brimborg.

Fyrirmyndarþjónusta Mazda á Íslandi
Brimborg er vottaður þjónustuaðili Mazda á Íslandi. Sérfræðingar Mazda hjá Brimborg tryggja öryggi þitt með reglubundnu eftirliti og viðhaldi á skilvirkan og hagstæðan hátt. Kynntu þér fyrirmyndarþjónustu Mazda hjá Brimborg í dag. Vertu Mazda.

Komdu hingað
Mazda
Bíldshöfða 8
Opíð 9 til 17 í dag



Skoðuðu búnaðinn í Mazda3 Advance

Stjórnæki

- Loftkæling
- Frjókomasía í miðstöð
- Fjölstillanlegt stýrishjól
- Hitamælir, útihiiti
- Rafdrifnir hliðarspeglar
- Rafdrifnar rúður að framan
- Dagljós
- Hæðarstillanleg aðalljós
- Viðvörðun vegna rúðuvökva
- Hæðarstillanlegt stýri með aðdrætti
- Hraðastillir – Cruise control

Öryggi

- Öryggisþúðar í stýri og mælaborði
- Öryggisþúðar í hliðum framsæta
- Öryggisþúðatjöld í hliðum
- 3ja punkta öryggisbelti í öllum sætum
- ISO-fix barnabílastólafestingar
- ESP stöðugleikastýrikerfi
- ABS hemlakerfi
- EBD hemlajöfnun
- EBA hjálparhemlun
- ESP stöðugleikastýrikerfi með spólvörm
- Diskabremsur á öllum hjólum

Sæti

- Tauáklæði
- Hæðarstilling á öikumannssæti
- Hiti í framsætum
- Höfuðþúðar á öllum sætum
- Armpúði milli framsæta
- Tvískipt niðurfellanleg aftursæti 60/40

Hljómæki

- Samhæft útlarp
- Tengir fyrir iPod og MP3 spilara
- Geislaspillari
- 6 hátalarar

Innrétting

- Glasahaldarar frammi
- Armpúði afturi með glasahaldara
- Geymsluhólf milli framsæta
- Bæði sólskyggni með snyrtispeglir
- Ljós í farangursrými

Utan

- Fjarstýrð samlæsing
- Þvottakerfi á aðalljósum
- Samlit hurðarhandföng
- Samlitir hliðarspeglar
- Vindskeið að aftan samlit (5 dyra)
- 16" álfelgur
- Upphitanlegir hliðarspeglar

Berðu saman verð og gæði Mazda og Toyota

Nýttu þér gott verð á Mazda3 Advance í dag

Persónuleg fyrirmyndarþjónusta Mazda á Íslandi

Fáðu Mazda til fyrirmyndar - Áreiðanleika - Góða endursölu - Gott verð - Persónulega þjónustu - Hagstætt þjónustuverð - Góða aksturseiginleika - Japönsk gæði og ekki síst fallett bros. Komdu í Brimborg, Bíldshöfða 8.

Losnaðu við þann gamla í dag
Núna er tækifærið að losna við þann gamla
og fá sér nýjan Mazda.

MYNDASÝRPA: Ár liðið frá hamförunum í Japan



FYRIR OG EFTIR Þessar tvær myndir eru, eins og aðrar myndir hér á síðunni, teknar á sama stað. Sú efri þann 11. mars árið 2011 þegar flóðbylgjan skall á borginni Miyako í Iwate-héraði, en sú neðri um miðjan janúar síðastliðinn þegar hlutirnir eru að færast í samt horf aftur.

NORDICPHOTOS/AFP



AUÐNIN EIN ER EFTIR Flóðbylgjan skildi eftir sig brak eitt á þessu svæði í bænum Rikuzentakata í Iwate-héraði, þar sem áður var blómleg byggð.

NORDICPHOTOS/AFP



SONURINN FUNDINN Yuko Sugimoto með sjö ára syni sínum á sama stað í bænum Ishinomaki og hún stóð á þann 13. mars á síðasta ári, umvafin teppi í leit að syninum.

NORDICPHOTOS/AFP

Ári síðar í Japan

Um miðjan næsta mánuð verður ár liðið frá hamförunum í Japan, þar sem mikil flóðbylgja kom í kjölfar nýu stiga jarðskjálfta. Eyðileggingin varð gífurleg og vinnan við að hreinsa brak og rústir hefur verið tímafrek.

Hinn 11. mars árið 2011 varð öflugur jarðskjálfti út af norðausturströnd Japans. Hann mældist níu stig, reyndist sá fimmti öflugasti sem vitað er um að hafi orðið í heiminum frá því sögur hófust.

Flóðbylgjan í kjölfarið olli þó enn meira tjóni en sjálfur skjálftinn. Alls kostuðu hamfarirnar hátt í tuttugu þúsund manns lífið.



BÍLLINN ENN UPPI Á ÞAKI Í bænum Minamisanriku í Miyagi-héraði hafa hreinsunarstörf gengið vel, en þó er þessi bifreið enn á sama stað og flóðið skolaði henni fyrir tæpu ári.

NORDICPHOTOS/AFP



TÍMAFREKRI HREINSUN LOKIÐ Hreinsun braks og eðju hefur kostað mikinn tíma og mannafla, eins og sjá má á þessum tveimur myndum frá bænum Otsuchi í Iwate-héraði þar sem heilt skip var komið upp á húspak eftir hamfarirnar.


NORDICPHOTOS/AFP



KOLI OG HVÍTT – 5900 kr.

FORRÉTTUR
PARMASKINKA, GLÓÐAÐ BRAUÐ
OG GEITAOSTASÓSA

AÐALRÉTTUR
PÖNNUSTEIKTUR KOLI, FENNEL,
MASCARPONE, BYGG OG PERUSÓSA



EFTIRRÉTTUR
SÚKKULAÐI, KARAMELLA,
MJÓLK OG LAKKRÍS

KOLABRAUTIN
RESTAURANT

Kolabrautin er á 4ðu hæð Hörpu

Borðapantanir 519 9700

info@kolabrautin.is
www.kolabrautin.is

Metsölubók á netinu



Smelltu þér á rafræna ársskýrslu Marel á netinu
og kynntu þér glæsilega afkomu félagsins með
nýjum og ferskum hætti.

www.marel.com/annualreport2011

skoðun

greinar@frettabladid.is

Mildur dómur í kynferðisbrotamáli gegn barni:

Skilorð fyrir kaup á barnavændi

Fyrir helgi var maður dæmdur í Héraðsdómi Vesturlands fyrir kynferðisbrot gegn fjórtán ára gömlu dreng. Dómurinn hefur vakið athygli vegna þess hversu mildur hann er en maðurinn hlaut tólf mánaða skilorðsbundinn fangelsisdóm. Ástæðan er væntanlega sú að maðurinn er ákærður fyrir kynferðismök við drenginn „án þess að gæta nægjanlegrar varúðar um aldur piltins“. Í ákærinni er þannig gengið út frá því að ásetningur mannsins hafi verið að hafa mök við karlmann en ekki fjórtán ára barn. Velta má fyrir sér hvernig manningum á að hafa getað verið óljós aldur barnsins, ekki síst í samhengi við þá staðreynd að hann vann við að kenna unglingum. Þá má benda á að þrátt fyrir að ekki sé að öðru

öbreyttu refsivert að hafa mök við barn sem er orðið fimmtán ára þá var maðurinn að kaupa vændi sem skilgreint er sem barnavændi ef sá eða sú sem vændið stundar er undir átján ára aldri. Í mati lækni kemur fram að maðurinn hafi lifað í felum með samkynhneigð sína og „freistast til að leita eftir samskiptum við aðra karlmann í netheimum“. Eftir að upp komst um brot hans hafi hann farið í áfengismedferð og stundað, auk AA-funda, fundi kynlífs- og ástarfíkla. Auk þess hafi hann misst vinnu sína þegar upp komst um málið og fjölskyldumál hans öll komist í uppnám. Það gefur augaleið að það leiðir bæði til uppnáms í fjölskyldu og atvinnumissis þegar upp kemst að maður hafi niðst á barni, ekki síst þegar kennari á í hlut. Vissulega er lofsvert að menn sem brotið hafa af sér sýni vilja til að snúa til betri vegar. Hitt má ekki gleymast, þrátt fyrir að mat lækni sé að ekki leiki grunur á að „um einhvers konar pedofiliu sé að ræða hjá ákærða eða einhverjar langanir til afbrigðilegs kynlífs með öðru hvoru kyninu,“ að brot hans var einmitt framið gegn fjórtán ára gömlu barni og að það var mjög alvarlegt.

Fyrir þinginu liggur nú tillaga tveggja ráðherra, Ögmundar inn-anríkis- og Össurar utanríkis-, um að Ísland fullgildi Evrópuráðs-samning frá 2007 sem kenndur er við eyjuna Lanzarote og fjallar um vernd barna gegn kynferðislegri misnotkun, ásamt frumvarpi að lagabreytingum sem tryggja eiga framkvæmd samningsins. Markmið þessa samnings er að koma í veg fyrir og berjast gegn kynferðislegri misneytingu og misnotkun á börnum og vernda réttindi barna sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi. Í samningnum eru meðal annars lagðar til leiðir til að berjast gegn barnavændi og grundvöllur skapaður til að sporna við því að fullorðnir falist eftir börnum í kynferðislegum tilgangi, til dæmis á spjallrásum. Fullgilding Íslands á Lanzarote-samningnum, ásamt lagabreytingum sem tryggja framkvæmd hans, skila því vonandi meðal annars að ákærvaldi og dómstólum sé ekki mögulegt að taka á kynferðislegri misnotkun á barni með þeim hætti og birtist í Héraðsdómi Vesturlands í síðustu viku.

Loks er rétt að minna á, fyrst ráðherrar eru komnir á lögfestingarbuxurnar, að enn er ólögfestur á Íslandi Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna sem fullgiltur var fyrir tveimur áratugum.

Þetta er maðurinn sem maðurinn hafi lifað í felum með samkynhneigð sína og „freistast til að leita eftir samskiptum við aðra karlmann í netheimum“. Eftir að upp komst um brot hans hafi hann farið í áfengismedferð og stundað, auk AA-funda, fundi kynlífs- og ástarfíkla. Auk þess hafi hann misst vinnu sína þegar upp komst um málið og fjölskyldumál hans öll komist í uppnám. Það gefur augaleið að það leiðir bæði til uppnáms í fjölskyldu og atvinnumissis þegar upp kemst að maður hafi niðst á barni, ekki síst þegar kennari á í hlut. Vissulega er lofsvert að menn sem brotið hafa af sér sýni vilja til að snúa til betri vegar. Hitt má ekki gleymast, þrátt fyrir að mat lækni sé að ekki leiki grunur á að „um einhvers konar pedofiliu sé að ræða hjá ákærða eða einhverjar langanir til afbrigðilegs kynlífs með öðru hvoru kyninu,“ að brot hans var einmitt framið gegn fjórtán ára gömlu barni og að það var mjög alvarlegt.

Fyrir þinginu liggur nú tillaga tveggja ráðherra, Ögmundar inn-anríkis- og Össurar utanríkis-, um að Ísland fullgildi Evrópuráðs-samning frá 2007 sem kenndur er við eyjuna Lanzarote og fjallar um vernd barna gegn kynferðislegri misnotkun, ásamt frumvarpi að lagabreytingum sem tryggja eiga framkvæmd samningsins. Markmið þessa samnings er að koma í veg fyrir og berjast gegn kynferðislegri misneytingu og misnotkun á börnum og vernda réttindi barna sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi. Í samningnum eru meðal annars lagðar til leiðir til að berjast gegn barnavændi og grundvöllur skapaður til að sporna við því að fullorðnir falist eftir börnum í kynferðislegum tilgangi, til dæmis á spjallrásum. Fullgilding Íslands á Lanzarote-samningnum, ásamt lagabreytingum sem tryggja framkvæmd hans, skila því vonandi meðal annars að ákærvaldi og dómstólum sé ekki mögulegt að taka á kynferðislegri misnotkun á barni með þeim hætti og birtist í Héraðsdómi Vesturlands í síðustu viku.

Loks er rétt að minna á, fyrst ráðherrar eru komnir á lögfestingarbuxurnar, að enn er ólögfestur á Íslandi Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna sem fullgiltur var fyrir tveimur áratugum.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Myndlistavörur í miklu úrvali

Acryllitir 75 ml kr. 499

Gólf- og borðtrösur frá kr. 2145

(Ný sending, mikið úrval striga í öllum stærðum)

Pokjuhlitir/Föndurhlitir frá kr. 795

Strigar, ótal stærðir frá kr. 195

Oliu/Acryl/Vatnslitasett 12/18/24x12 ml frá kr. 570

Verkfæralagerinn

Smáratorgj 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@simnet.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Viljinn og vafinn

Könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 gefur til kynna að stuðningur við áframhaldandi setu Ólafs Ragnars Grímssonar í forsetaembætti hafi aukist. Þetta gerist eftir að hafin er undirskriftasöfnun þar sem skorað er á Ólaf til áframhaldandi setu.

Mörgum fannst þó sem forseti hafi tekið af flest tvímæli í áramótafrumvarpi sínu þar sem hann talaði um að „hlakka til frjálssari stunda“, boðaði „upphaf að annarri vegferð“, þar sem hann yrði „frjálsari til athafna“.



Hann talaði meira að segja um að niðurstaða ihugunar sinnar væri sú að hann gæti gert landi og þjóð meira gagn óbundinn af skorðum sem embætti forsetans setur.

Biðin og biðin

Forseti hefur þó ekki enn tekið af öll tvímæli um hvort hann hyggt bjóða sig fram að nýju. Nú er ljóst að Ólafur Ragnar á góðu fylgi að fagna meðal þjóðarinnar og hann ætti sigur vísan

ef hann byði sig fram. Er þess vegna erfitt að skilja eftir hverju er að biða, sérstaklega þar sem lítt hefur fjölgað á undirskriftalistanum fyrrnefnda frá mánaðamótum.

Frelsi og framboð

Um þrjú mánuðir eru fram að því að framboðsfrestur rennur út og vafalaust biða einhverjir vongóðir framboðendur eftir tilkynningu forsetans. Þeim þætti eflaust gott að fá að vita hug forseta sem fyrst. Hversu lengi í viðbót hann hygðist leyfa embættinu að skorða sig áður en hann héldi í frelsi annarrar vegferðar, fjarri Bessastöðum.

thorgils@frettabladid.is

HALLDÓR



Um Vaðlaheiðargöng og nokkra áhrifaþætti umferðarpunga

Samgöngu-mál



Ari Teitsson
Þingeyingur

Að undanfögnu hefur verið rætt hvort rétt-lætlanlegt sé að veita ríkisábyrgð vegna lánstöku til gerðar Vaðlaheiðarganga. Þar sem flestir kostnaðarþættir við gerð ganganna liggja fyrir er stærsti óvissuþátturinn, og þar með áhættuþáttur ríkisins, umferðarpungi um göngin á komandi árum.

Um þróun umferðar við breyttar aðstæður er auðvitað erfitt að spá, en huga má þó að grunnforsendum:

Byggð hefur eflst á Akureyri og nágrenni á undanfögnu árum, enda bærinn helsta mótvægi við suðvesturhornið og höfuðstaður Norðurlands. Hvort grundvöllur er fyrir rekstri Vaðlaheiðarganga ræðst hins vegar fremur af því hvort einnig eigi að nýta tækifæri Þingeyjarsýslu þjóðinni til hagsbóta. Til þess stendur vilji beggja vegna Vaðlaheiðar en fleira þarf til:

Hagvöxtur og kaupgeta almennings ræður miklu um flutningaþörf og ferðamöguleika fólks.

Hvergi á Íslandi finnst meiri óbeisluð orka en í Þingeyjarsýslum. Nýtingu orkunnar heima í héraði hefur miðað hægar en heimamenn hafa kosið. Ljóst má vera að öfl-

ugri stuðningur við nýtingu orkunnar myndi styrkja svæðið.

Rekstur heilbrigðisþjónustu í Þingeyjarsýslum er nú í óvissu sem verður að eyða, en sú óvissa veikir óneitanlega búsetuskilyrði, þótt auknir flutningar sjúkra og særðra yfir Vaðlaheiði séu sjálfstæð rök fyrir jarðgöngum.

Jákvæð viðhorf til nýtingar fjölbreyttra tækifæra ferðaþjónustu í víðlengi Þingeyjarsýslu myndi styrkja svæðið.

Einnig mætti nefna skiptingu opinberrar þjónustu og starfa henni tengd milli landsvæða, stjórnun fiskveiða og vafalaust fleiri atriði sem miklu ráða um búsetuþróun.

Margt bendir því til að mat á rekstrargrundvelli Vaðlaheiðarganga sé öðru fremur mat á hagvaxtarþróun og vilja ráðandi afla til styrkingar búsetu og nýtingar landsvæða.

Á meðan sjálfsforræði héraða er takmarkað eru þessir þættir mjög háðir vilja og stefnu þeirra sömu einstaklinga sem á næstu dögum taka ákvörðun um framgang Vaðlaheiðarganga. Því má ætla að í afgreiðslu málsins á Alþingi megi að nokkru lesa framtíðarsýn þingmanna.

Hvað með það?

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
ríthöfundur

Þeir sáust saman á bió dóm-
arinn og verjandinn í máli
Baldurs Guðlaugssonar. Og
hvað með það? Mega nú gamlir
félagar ekki lengur fara saman í
bió til að slaka á eftir erfiðan dag
án þess að eiga á hættu að það sé
komið í DV daginn eftir og gert
tortryggilegt og afbakað á alla
lund? Greinilega ekki.

Þeir fóru á bió saman strák-
arnir, Benedikt Bogason dómari
og Karl Axelsson lögmaður og
Helgi Jóhannesson félagi Karls
hjá Lögmannsstofnun Lex. Þeir
sáu Contraband, hressa smygl-
aramynd. Strákarnir. Og hvað
með það? Þetta er gömul aðferð
við að slaka á – og efla tengslin.
Þegar karlmenn fara saman á
bió er það eiginlega næsta stig
við að detta í það saman, fara á
völlinn saman; strákar að gera
eitthvað strákalegt sér og vera
í sínum hóp með sínum líkum;
það er samvera sem sýnir sterk
og sérstök tengsl, maður fer ekki
á bió nema með elstu og traust-
ustu vinum sínum. Þó að ég hitti
mann sem ég kannaðist við úti í
búð og spjallaði svolítið við hann
um landsins gagn og nauðsynjar
og sameiginlega vini þá kæmi
það mjög skringilega út ef ég
myndi í miðju samtali stinga upp
á því að við færum saman á bió.
Til þess að karlmenn fari saman
á bió þarf sterkustu vinabönd-
in. Þetta er ein af ótal óskráðum
reglum samfélagsins.

Og hvað með hvað? Þær eru
fjölmargar óskráðu og ósögðu
reglurnar í þessu samfélags-
kríli okkar. Sérhvert mengi sam-
félagsins hefur sínar. Ríthöf-
undar hafa sínar, sjómenn sínar,
hjúkrunarfræðingar sínar. Ég
veit ekki hvernig þetta er hjá
lögfræðingum og dómurum;
fyrir mér er þetta bara fólk í
skikkjum þarna uppi einhvers
staðar, í upphæðum réttlætisins
og viskunnar. Það hafði aldrei
hvarflað að mér að dómara-
gerðu yfirleitt nokkuð annað en
að sitja í sinni einmanalegu tign
og síðferðilega hásæti og vera
þaðan komnir að dæma lifendur
og dauða. Svo færu þeir heim að
lesa Spinoza og Áfanga Sigurðar
Nordal.

En auðvitað er þetta allt bara
fólk og á sína vini, skólasyst-
kini og fjölskyldu – sitt líf. Þau
eru sjálfsagt mörg álitamálin.
Og ég veit ekki hvort til sé ein-
hver óskráð regla um að vara-
samt sé að dómari í dómsmáli
fari með verjanda máls í bió
meðan á málflutningi stendur
eða sé yfirhöfuð mikið að hanga
með honum á því tímabili. Svo
að tekið sé dæmi af knattspyrnu-
leik – þar sem ég þekki að vísu
ekkert til – held ég að það sé
fátt við því að segja að dómari
og þjálfari liðs séu vinir utan-
vallar og fari saman í bió en ég
veit ekki hvernig það kæmi út í
ef þeir færu saman í hálfleik þar
sem dómari væri að dæma og
þjálfarinn að þjálfar og fengju sér
pýlsu. Bara þeir og vinur þeirra
úr liði þjálfarans. Hvað myndu
mennirnir í hinu liðinu segja?
Hvernig yrði liðið á dómara-
komandi í seinni hálfleik?

Það er nú það. Svo margt hér
á landi virðist talið í lagi sem
þætti varasamt í löndum þar
sem óskráðar síðareglur eru rót-
grónari, samgangur fólks stíf-
ari og háðari uppruna og stöðu.
Þetta er söddan samfélagskríli
hér og til allrar hamingju hálf-
stéttlaust og fólk tengist svo
margvíslegum vina- og hags-
munaböndum. Samfélagið er allt
þéttrið hagsmunaneti þar sem
við eigum öll hönk upp í bakið

á einhverjum sem á hönk upp í
bakið á einhverjum öðrum sem
kannski á hönk upp í bakið á
manni sjálfum. Hér er almennt
ansi mikil hönk. Við erum þre-
menningar og makar systkina-
barna, skólasystkin, nágrannar,
saman í boltanum, gamlir séns-
ar, saman í sjósundi, foreldrafé-
laginu, vinnufélagar, allt í einni
hagsmunabendu þvers og kruss.
Og gerum hvert öðru alls konar
greiða, vegna þess einfaldlega
að við erum upp til hópa frekar
almennileg.

Þetta þéttriðna samfélagsnet
okkar hefur ótal kosti. Það vitra
fólk sem skapaði Gay-pride hátíð-
ina áttaði sig til dæmis betur á
þessu tengslaeðli samfélagsins
en margur annar þegar það lagði
áherslu á að hátíðin skyldi vera
fjölskylduhátíð, skyldi binda en
ekki losa, laða en ekki hrinda.

Þannig að óskráðar reglur eru
kannski óljósari hér en víða ann-
ars staðar þar sem rétt og röng
hegðun lýtur ströngum en ósýni-
legum reglum. Þetta er ágætt
þegar eitthvað kemur upp á og
við hendum frá okkur daglegu
dóti og léttum undir með hvert
öðru. Og kannski er það ágætt í

„Þetta þéttriðna samfélagsnet okkar hefur ótal kosti. Það vitra fólk sem skapaði Gay-pride hátíðina áttaði sig til dæmis betur á þessu tengslaeðli samfélagsins en margur annar.“

venjulegu árferði. En það er ekki
venjulegt árferði.

Og hvað með það? Þetta: fólkíð
sem þjóðfélagið samanstendur
af, fólkíð þarna úti, smiðirnir,
sjómennirnir, meinatækn-
arnir, lyfjafræðingarnir, tölvu-
fræðingarnir, skrifstofufólkið,
deildarfulltrúarnir, sjúkralið-
arnir, kennararnir – fólkíð sem
myndar þetta þéttofnu net,
þetta þetta litla samfélag – það
treystir ekki lengur æðstu stofn-
unum samfélagsins. Það treystir
ekki alþingi. Það heldur að þar
sitji fólk sem hugsar um það eitt
að skara eld að sinni koku. Það
treystir ekki kirkjunni, er hætt
að þykjast trú á guð, nennir
varla lengur að trú á þetta „eit-
hvað“ sem Íslendingar hafa þó
til skamms tíma sagst trú á og
tigna. Það treystir ekki dómstól-
unum.

Það sér Héraðsdóm sem hvað
eftir annað fær dóma sína í haus-
inn frá Hæstarétti með ámin-
ningum um fúsk. Það sér Hæsta-
rétt sem ógilti kosningar til
Stjórnlagabings með veigalitlum
rökstuðningi. Það sér Bridge-
félagann og Frændann. Það sér
ekki lengur Sérstakan saksókn-
ara að vandræðast með þessar
möppur í sjónvarpsfréttunum
vegna þess að hann er horf-
inn bak við skjalfjallið. Það
sér afskriftir og aflausnir allra
aflendinga. Það sér fjárglæfra-
menn sem eru forhertir; það sér
yfirstétt sem er spilt.

Þeir sáust saman á bió, dóm-
arinn og verjandinn – meðan
hún hefur sjálfsagt verið heima
að grúfa sig ofan í skjalfjallið,
konan sem sækir málið gegn
Baldri Guðlaugssyni, fyrrum
ráðuneytisstjóra og innstakoppi
Sjálfstæðismanna, sem seldi
bréfin sín í bankanum í kjölfar
funda þar sem bág staða bank-
anna var trúnaðarefnið. Hvað
með það? Þetta: traust er ekki
einkamál dómarsins. Það er ekki
nóg að hann treysti sér fullkom-
lega. Honum – og samfélaginu
öllu – er höfuðnaðsyn á því að
aðrir hafi traust á honum.

Mikið mál?



SagaPro fæst í heilsuvöruverslunum, apótekum,
stórmörkuðum og Fríhöfninni.

Náttúruvörur úr íslenski ætíhvönn

Minna mál með SagaPro

Tíð næturþvagliát eru
heilmikið mál fyrir marga
karlmenn. **SagaPro** er
náttúruvara úr íslenski
ætíhvönn ætluð þeim sem
eiga við þetta vandamál að
etja. Með **SagaPro** fækkar
næturferðum á salernið og
þar með færðu betri hvíld.



SAGAMEDICA
www.sagamedica.is

www.meiraprof.is

Farðu ekki án réttinda á vinnuvélar til
Evrópu, vertu klár í allt, heima sem erlendis

Skjót leið til starfsmenntunar

Réttindanámskeið fyrir stjórnendur vinnuvéla, kláraðu þetta á móðurmálinu ef þú hefur
hug á starfi í Evrópu. Hægt er að byrja alla föstudaga kl. 17.30, námið tekur 3 helgar,
sjá nánar á heimasíðunni meiraprof.is eða hringdu í síma 588 45 00

NÁMSKEIÐ SEM GEFA RÉTTINDI UM GJÖRVALLA EVRÓPU



ÖLL ÖKURÉTTINDI - ÖLL VINNUVÉLARÉTTINDI

Skapaðu þér þitt eigið góðæri

Námskeið til aukinna ökuréttinda og vinnuvélanámskeiðið gefur aðgang að þúsundum áhugaverðra starfa.
Fyrir þá sem ekki eru með umtalsverða framhaldsmenntun er það ekki spurning að afli sér þeirra
réttinda sem þessi námskeið veita. Fjöldi fólks með mikla sérmenntun sækir þó þessi námskeið
til að eiga möguleika á að komast út frá pappír og tölvum og láta til sín taka á sverum trukkum
og öflugum vinnuvélum, þó ekki sé nema í sumarfríum.
Starfsmenn skólans eru með áralanga reynslu í kennslu á þessu sviði og þjálfarir í að kenna
fólki sem að öllu jöfnu hefur skóla ekki efst á vinsældarlistanum. Við starfsmenn skólans
kappkostum að flytja hagnýtan fróðleik sem kemur nemendum og vinnuveitendum
þeirra (og öllum vegfarendum) að gagni alla daga. Við kennararnir trúum líka á líf fyrir dauðann
og leggjum okkur fram um að námið sé ekki bara hagnýtt, heldur einnig skemmtilegt.
Ekki biðu eftir tíma til að framkvæma þetta sem þú hefur hugsað lengi um, það er annað orð yfir aldrei.
Biðu tímann til, stattu með sjálfum þér og byrjaðu strax. Við fögnum því að fá að hitta þig
og að fá þannig tækifæri á að auka árangur þinn í lífinu.

NÝI
ÖKUSKÓLINN

KLETTAGÖRÐUM 11 (et-húsinu) REYKJAVÍK

ALLAR FREKARI UPPLÝSINGAR Í SÍMA 588 45 00



„Til æskunnar!“

Menning

Eyvindur P. Eiríksson
rithöfundur



Fyrir jólin birtist í Fréttablaðinu gott greinarkorn um þá ágætu norsku söngkonu Sissel Kyrkjebø og m.a. að hún hefði við minningarathöfnina um þá sem dóu í morðunum vibjóslegu í Ósló og Útey sungið ljóð Nordahls Grieg „Til æskunnar“, sem þar var nefnt sálmur. Undirritaðan langar af því tilefni að hafa nokkur orð um ljóðið og skáldið.

„Til ungdommen“ mætti svo sem vel kalla lofsöng en ekki sálmur, enda var skáldið Nordahl Grieg enginn trúmaður en algjör friðarsinni og mikill mannvinnur. Hann var frægur í Noregi og víðar, skrifaði ljóð, leikrit, sögur o.fl. Umdeildur var hann og einkum fyrir stjórn málaaskoðanir sínar, hann var sannur sameignarsinni og kommúnisti. Hann trúði vissulega of einlæglega á sósíalisma í Sovétríkjunum, eins og margir góðir hugsjónamenn og í trausti þess unnu slíkir ótrúleg afrek í kjara- og jafnréttismálum allrar alþýðu.

Á hans tímum var heldur ekki í augnsýn nein önnur leið út úr ömurlegum kapitalisma og enn skelfilegri fasisma og nasisma, þegar t.d. Vesturlönd létu allt eftir Hitler í þeirri von að hann eyddi Sovétríkjunum og meintum sósíalisma í þeim. Nasistar voru reyndar almennt kristnir vel og margir „góðir“ trúmenn, börðust undir kjörorðinu: „Gott mitt uns!“, m.a. gyðingahatur þeirra átti sér og ekki síst rætur í skelfilegum ofsóknum kristni og kirkju á hendur gyðingum á öldum áður.

Nordahl barðist gegn innrás Þjóðverja í Noreg, flýði til Englands, varð foringi í hernum, aðallega sem maður fréttu og upplýsingar þar. Hann fórst í sprengjuflugvél sem skotin var niður yfir Þýskalandi. Var um tíma á Íslandi ásamt konu sinni, leikkonunni Gerd sem lék þar. Hann eignaðist góða vini hér, ekki síst skáldið Magnús Ásgeirsson sem þýddi mörg ljóða hans og ljóðabókin „Friheten“ var

fyrst gefin út hér. „Til ungdommen“ er óður og ákall friðar- og mannvinnarins til æskunnar og enginn sálmur, enda er það bull að kristin trú sé friðartrú, öll saga hennar sannar annað.

Hákrístnir leiðtogar hafa og margir verið einhverjir mestu fjöldamorðingjar sögunnar. Norðmenn og reyndar fleiri, svo sem Danir, hafa þetta kvæði mjög í heiðri. T.d. var það söngur grunnskóla tveggja barna minna þar. Þá þýddi ég það á íslensku. Það er engin tilviljun að Sissel skyldi fengin til að syngja þetta ljóð við nefnda minningarathöfn. Mér sýnist ekki úr vegi að birta það hér og gjarnan þýðingu mína líka:

Nordahl Grieg:

TIL UNGDOMMEN

Kringsatt av fiender gå inn i din tid!
Under en blodig storm - vi dig til strid!
Kanske du spør i angst, udekket åben:
Hvad skal jeg kjæmpe med, hvad er mitt våben?

Her er ditt vern mot vold, her er ditt sverd:
troen på livet vårt, menneskets verd.
For al vår fremtids skyld, søk det og dyrk det,
dø om du må - men: øk det og styrk det!

Stilt går granatenes glidende bånd.
Stans deres drift mot død, stans dem med ånd!
Krig er forakt for liv. Fred er å skape.
Kast dine krefter inn: døden skal tape.

Elsk - og berik med drøm alt stort som var!
Gå mot det ukjente, fravrist det svar.
Ubygde kraftverker, ukjente stjerner -
skap dem med skånet livs dristige hjerner.

Edelt er mennesket, jorden er rik!
Finnes det nød og sult, skyldes det svik.
Knus det! I livets navn skal urett falle.
Solskin og brød og ånd eies av alle.

Da synker våbnene maktesløs ned!
Skaper vi menneskeverd, skaper vi fred.
Den som med højre arm bærer en byrde,
tung og umistelig, kan ikke myrde.

De er løftet vårt fra bror til bror:
vi vil bli gode mot menneskets jord.
Vi vil ta vare på skjønheten, varmen -
som om vi bar et barn varsomt på armen!

TIL ÆSKUNNAR

Umsetinn óvinum efldu þér dug.
Þótt geisi stríð á storð, strengdu þinn hug.
Ef þú í ótta spyrð, óvarinn, smeykur:
Hvað get ég gagnast nú? Gakktu þá keikur!

Hér er þitt vopn í vörn, verjur og sverð:
Mennskan og manngildið, mat þitt og gerð.
Framtíðin birtu ber, burt með þinn efa,
þótt líf að veði vænt, verðirðu að gefa.

Sprengjurnar springa um lönd, spara öll grið.
Hertu því hugans mátt, heimtaðu frið!
Stríð fyrir lítur líf, lífið er friður.
Vopnanna kremdu klær. Kveð dauðann niður!

Elskaðu ást í draum um allt gott sem var!
Haltu því hulda á vit, heimtaðu svar.
Óunnin stórvirki, óþekkt að kanna.
Efl það með afrekum ódeyðra manna.

Mikil er manneskjan, mannanna jörð!
Líði einhver nauð og neyð, nið er sú gjörð.
Brjóttu á bak aftur bannsetta þrjóta!
Matar og andans auðs allra er að njóta.

Þá kæfa vilji og von vopnanna klið.
Sköpum við manngildi, sköpum við frið.
Sá sem með brosi ber byrði á armi,
varlega, viðkvæma, veldur ei harmi.

Heit þetta bróðir ber bróður í gjörð:
Mest allra metum við mannanna jörð.
Fegurð og hlýju heitt höldum í barmi -
eins og við bærum barn blíðlega á armi!
(Snarað: Eyvindur P. Eiríksson,
rithöfundur og fv. lektor.)

AF NETINU

Ágætislag sem vann

Mundu eftir mér sigraði eins og þú veist og fer til Baku í Kristalshöllina ægilegu sem er klædd með húðflögum misþyrms verkafólks. Jónsi og nýstirnið Gréta Salóme sungu og léku ástfangið par á miðöldum. Fólk til sveita söng bakraddir. Gréta er dóttir Kristínar Lillendahl (gæti málað allan heiminn elsku mamma) svo það er stutt í talentinn. Þetta er ágætis lag, heyranlegur klassi yfir því og ég spáði því sigri þótt Statu upp hefði alveg mátt vinna frekar því það var haldið með því heima hjá mér. Nú er um að gera að halda í hráa myrka víkingaflinginn í laginu. Taka jarðarfarastræmninguna alla leið. Alls ekki að poppa það upp né léttu. Pétur Örn má alls ekki raka sig og hinn karlinn þarf að safna meira skeggi. Helst á að syngja lagið á íslensku áfram. Það væri langmest töff. Lagið flygur svo eflaust upp úr forkeppninni og lendir í 2.-8. sæti.

dgunni.wordpress.com
Gunnar Lárus Hjálmarsson

Millistéttinni blæðir

Breiðfylkingin ætlar að gera það; Lilja Móses líka og sumir þingmenn Sjálfstæðisflokksins eru tilkippilegir: stórfelldar tilfærslur frá millistéttinni til óreiðufólksins sem skuldar enn 100 prósent af andvirði 400 fermetra húsnanna þrátt fyrir niðurgreiðslur frá Hæstarétti. Ef fram heldur sem horfir þá eiga 80 prósent þjóðarinnar ekki talsmenn á þingi vegna þess að pólitíkin snýst um að bjarga þeim skuldseigustu sem jafnframt eru iðulega þeir háværustu og kröfuhöfðustu.

pallvill.blog.is
Páll Vilhjálmsson

Innifalið á báðum stöðum:

- Beint flug til Alicante (flutningur á golfsetti - hámark 15 kg)
- Akstur til og frá flugvelli
- 5 stjörnu gisting í 7 nætur með morgun- og kvöldverði
- 5-6 golfhringir
- Óflug íslensk farastjórn

NÁNARI UPPLÝSINGAR
WWW.ITFERDIR.IS

á besta verði sem í boði er!
Las Colinas 204.900 KR.*

...5 stjörnu íbúðagisting á einum besta golfvelli Evrópu

Golf á Spáni

— kynningarverð á vörferðum

Dagsetningar ferða:

28. mars - 4. apríl
4. - 11. apríl
11. - 18. apríl
17. - 29. apríl
18. - 25. apríl

Flugsæti í boði

— eingöngu á sömu dagsetningum með Icelandair eða Iceland Express.
Verð frá 79.900 kr. með flugsöknum og bókanargjöldi.

La Finca ...Lúxus hótलगisting, endalaus þægindi og offreying

á besta verði sem í boði er! **209.900 KR.***

*Verð miðast við fargjald, flugvallaskatta og gengi ISK gagnvart EUR 8. feb. 2012

IT ferðir Mörkinni | Sími: 588 9900
www.itferdir.is | golf@itferdir.is

Þjófkennur af FTT!



Höfundarréttur
Dagþór Haraldsson
skrifstofumaður

Þann 13. jan. sl. er viðtal við Jakob Frimann Magnússon, formann FTT (Félag tónskálda og textahöfunda) í Fréttablaðinu. Fyrirsögn greinarinnar er að YouTube hefur hafnað beiðni FTT um að greiða höfundarréttargjöld í sjóði íslenskra réttihafa. Það er skoðun Jakobs að við Íslendingar eignum heimsmet í YouTube- og Facebook-notkun. Í beinu framhaldi finnst honum rökrétt að ætla að við Íslendingar eignum heimsmet í þjófnadi af FTT í formi ólöglegs niðurhals á íslenski tónlist. Þess vegna sviður þeim að geta ekki gjaldfært okkur vegna þessa meinta þjófnadar okkar.

Fyrir liggur að YouTube hefur hafnað kröfunni. Þá er lausn FTT að þjófkenna alla Íslendinga sem nota netið og þeir krefjast ákveðins gjalds af hverri nettengingu. Það er algjörlega óháð notkun viðkomandi netnotanda og því hvort viðkomandi hleður nokkurn tíma niður tónlist. Jakob vitnar í að þetta yrði þá sambærilegt og þegar þeir síðast þjófkennu alla Íslendinga sem kaupa skrifanlega geisladiska. Þeir komust þá upp með að fá fasta upphæð af hverjum seldum skrifanlegum geisladisk án tillits til hvaða nota geisladiskurinn var keyptur.

Svona framkoma er algjörlega út í hött og ótrúlegt að hugsa sér að FTT hafi fengið og fái ennþá, fasta fjárhæð af hverjum seldum skrifanlegum geisladisk á Íslandi óháð notkun. Helst minnir þetta mig á ránsfeng, þar sem hið opinbera er í hlutverki handrukkanans. Allur þjófnadur er ólíðanlegur og rétt er að taka undir sjónarmið FTT um að þeir sem stela eiga að borga. Með því að FTT komst upp með að rukka alla

kaupendur skrifanlegra geisladiska eru þeir búnir að þjófkenna alla kaupendur skrifanlegra geisladiska. Það er fullt af nettengdu fólki, sem aldrei hleður niður tónlist, né skrifar tónlist á geisladiska. Og ég leyfi mér að fullyrða að flest fólk vill vera heiðarlegt og borga fyrir sína tónlist.

Borið saman við þjófnad úr verslunum þurfa vissulega allir viðskiptavinir að bera kostnaðinn, þar sem álagning verslunarinnar þarf að vera meiri. Sú rýrnun er vel mælanleg og er einfaldlega mismunur á magni keyptrar og seldrar vöru. FTT er hins vegar ekki með áþreifanlega vöru og hefur ekki neina möguleika á að meta umfangs þessa „meinta þjófnadar“. Þess hagar

Helst minnir þetta mig á ránsfeng, þar sem hið opinbera er í hlutverki handrukkanans.

er vitaskuld að meta umfangið sem mest, þ.e. ef áform ganga eftir. En þeir mega ekki komast upp með að ætla að hver einasti maður með nettengingu sé stalandi af þeim. Þeir ættu vissulega að hafa sönnunarbyrðina og þeir mega ekki komast einhliða upp með að fylla sjóði sína með því að rukka neytendur um þjónustu, sem þeir eru sannanlega ekki að nota.

Í lokin vil ég geta þess að mörg okkar höfum margborgað höfundarrétt. Þ.e. fyrst af keyptri gamaldags hljómplötu, síðan af geisladisk með sömu tónlist og svo þegar maður mætir í klippingu borgar rakarinn stefgjöld fyrir sama lag og viðskiptavinurinn er búinn að borga af.

Látum ekki þessa óhæfu yfir okkur ganga.

Opnir fundir um allt land

Við höldum áfram að móta Landsbankann í takt við nýja stefnu. Haldnir verða opnir fundir um allt land um fjárfestingar, nýsköpun og atvinnulífið. Steinþór Pálsson bankastjóri kynnir stefnu og áherslur Landsbankans, fulltrúar Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins flytja erindi um nýsköpun á Íslandi og frumkvöðlar í atvinnulífinu segja reynslusögur af fyrirtækjum sínum.

JÓNSSON & LEWACKI · JHIS · SIA



Átta fundarstaðir

Sauðárkrókur	Þri.	14. feb. kl. 20	Mælifell
Fjarðabyggð	Mið.	15. feb. kl. 20	Safnaðarh. Reyðarfj.
Reykjanesbær	Fim.	16. feb. kl. 20	Stapi
Kópavogur	Mán.	20. feb. kl. 20	Salurinn
Snæfellsbær	Þri.	21. feb. kl. 20	Félagsheimilið á Klifi
Ísafjörður	Mið.	22. feb. kl. 20	Edinborgarhúsið
Selfoss	Þri.	28. feb. kl. 20	Hótel Selfoss
Akureyri	Mið.	29. feb. kl. 20	Menningarhúsið Hof

Allir velkomnir





62 PETER GABRIEL tónlistarmaður er 62 ára í dag. „Tónlist er alþjóðlegt tungumál sem sýnir, betur en nokkuð annað, hversu heimskulegir kynþáttafordómar eru.“

Merkisatburðir 13. febrúar

- 1575** Hinrik III Frakkakonungur krýndur í Reims.
- 1633** Galileo Galilei kemur fyrir Rannsóknarréttinn í Róm.
- 1693** Eldgos hefst í Heklu. Daði Halldórsson, barnsfaðir Ragnheiðar Brynjólfsdóttur, ritar um það skýrslu.
- 1945** Loftárásin á Dresden hefst.
- 1960** Frakkar gera tilraunir með sína fyrstu kjarnorkusprengru.
- 1971** Suður-Víetnamar ráðast inn í Laos með hjálp Bandaríkjamanna.
- 1974** Rithöfundinum og Nóbelsverðlaunahafanum Alexander Solzjenitsjin er vísað frá Sovétríkjunum.
- 2001** Jarðskjálfti, 6,6 stig á Richters-kvarða, riður yfir El Salvador. Að minnsta kosti 400 manns láta lífið.

Afmælis Cage minnst á Kjarvalsstöðum

Í ár eru liðin 100 ár frá fæðingu tónskáldsins Johns Cage, sem fæddist 5. september árið 1912. Alls kyns tónleikar og viðburðir til að heiðra minningu tónskáldsins verða haldnir á árinu víðs vegar um heiminn. Jaðarberíð og Listasafn Reykjavíkur minnst afmælisins með afmælistónleikum sem haldnir verða á Kjarvalsstöðum miðvikudagskvöldið 15. febrúar.

Á tónleikunum verða fluttar glefsur frá mismunandi tímabilum í tónsmíðuferli Johns Cage. Þar má meðal annars heyra verk eins og Aria, Fontana Mix, Six Melodies for Violin and Keyboard og Suite for Toy Piano. Lögð verður áhersla á tónskáldið Cage enda er meirihluti verka hans fyrst og fremst konsertmúsík þó mörgum finnst verk hans teygja mörkin í ýmsar áttir.

Flytjendur eru meðal annarra Heiða Árnadóttir, söngkona, Una Sveinbjarnardóttir, fiðluleikari, Tinna Þorsteinsdóttir, píanóleikari, Páll Ivan Pálsson, tónsmiður og Guðmundur Steinn Gunnarsson, tónsmiður. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.



Hundrað ára fæðingarfamælis Johns Cage verður minnst á Kjarvalsstöðum á miðvikudag.

PETTA GERÐIST: 13. FEBRÚAR 1883

Richard Wagner deyr í Feneyjum

Þýska tónskáldið Richard Wagner andaðist í Ca' Vendramin Calergi í Feneyjum eftir hjartaáfall þann 13. febrúar 1883, tæplega sjötugur að aldri. Wagner hafði farið til Feneyja með fjölskyldu sinni, eftir lokasýningu á óperunni Parsifal í Bayreuth í lok ágúst, til að hafa þar vetursetu. Hann hafði lengi þjáðst af hjarta- og fengið nokkur misjafnlega alvarleg hjartaáfall. Jarðneskar leifar hans voru fluttar til Bayreuth þar sem hann var jarðsettur í garði Villa Wahnfried.

Wagner samdi margs konar tónlist en var þekktastur fyrir óperur sínar, sem njóta vinsælda enn í dag. Þekktastur er fjórleikurinn um Niflungahringinn; Das Rheingold, Die Walküre, Siegfried og Götterdämmerung. Lohengrin, Tristan og Isolde og Parsifal eru líka vel þekktar óperur og lögin Reið valkyrjanna úr Die Walküre og Brúðarmarsinn úr Lohengrin þekkjast flestir. Ólíkt flestum öðrum óperutónskáldum skrifaði Wagner sjálfur allan texta við sínar óperur auk tónlistarinnar.



VINNUSTOFAN „Hugmyndin sem liggur til grundvallar fyrirlestrunum er að kynna hversu mikil grasrót myndlistin er í eðli sínu,“ segir Hulda Stefánsdóttir, prófessor við myndlistardeild LHÍ.

OPNIR FYRIRLESTRAR Í LHÍ: RAGNA RÓBERTSDÓTTIR TALAR UM VINNUSTOFUNA

Skoðun á vinnuaðferðum og innblæstri listamanna

Við höfum verið með fyrirlestraröð með þessu þema frá því í haust,“ segir Hulda Stefánsdóttir, prófessor við myndlistardeild Listaháskóla Íslands, spurð um fyrirlestur sem Ragna Róbertsdóttir myndlistarmaður heldur í LHÍ í hádeginu í dag. Þemað sem um ræðir er vinnustofan.

„Við hugsum þetta sem nánari skoðun á vinnuaðferðum og innblæstri listamanna og beinum sjónum að allri vinnunni sem liggur að baki fullkláruðum listaverkum og sýningum,“ útskýrir Hulda. „Við fáum í rauninni að skoða innviði starfs listamannsins. Þess vegna kusum við þennan titil; vinnustofan. Þetta eru opnir fyrirlestrar sem hefjast klukkan 12.30 á mánudögum í húsnæði myndlistardeildar á Laugarnesvegi 91.“

Við höfum haldið í þessa mánudagsfyrirlestrahefð árum saman, alveg frá stofnun Listaháskólans og þetta er okkar leið til að miðla út í samfélagið

því sem fer fram á okkar starfssviði.“

Rögnu Róbertsdóttur er óþarfi að kynna, en Hulda gerir það samt: „Ragna Róbertsdóttir á að baki langan og farsælan feril sem myndlistarmaður og hefur ferðast víða við sýningarhald, úrvinnslu og uppsetningu verka sinna. Segja má að Ragna geri sérhvert sýningarrými sem hún tekst á við að vinnustofu sinni. Annar alls ólíkur staður innblásturs og bókstafleg uppspretta verka hennar er víðáttu íslenskrar náttúru, nánar tiltekið nágrenni eldstöðva Heklu. Í fyrirlestri sínum mun Ragna taka dæmi af sýningarverkefnum sínum og tilraunum með tilfærslu efniviðar gjósku og glerbrota inn í sýningar-rýmið.“

Haldnir eru átta fyrirlestrar á hvoru misseri, sextán á vetri, og Hulda segir þá eiga sér töluvert stóran hóp fastra gesta.

„Hugmyndin sem liggur til

grundvallar fyrirlestrunum er að kynna hversu mikil grasrót myndlistin er í eðli sínu. Hvað hún tengist inn á breitt svið og gerir allt að sínu á eigin forsendum. Hugsunin með vinnustofunni er að benda á að það er svo margt sem myndlistarmenn nota sem vinnustofu.“

Það hefur komið æ betur í ljós með hverjum fyrirlestri að hver og einn listamaður hefur sitt snið á þessu. Sumir eru kannski bara með vinnubók í vasa og geta tekið hana upp hvar sem er þannig að hvaða staður sem er getur orðið að vinnustofu. Aðrir eru bundnir við tiltekin rými og svo mætti lengi telja, þannig að það hefur verið mjög mikil breidd í þessum fyrirlestrum fram til þessa og mjög gaman að fylgjast með.“

Meðal þeirra sem halda munu fyrirlestra um vinnustofuna á vormisseri er Guðjón Ketilsson, sem verður með sinn fyrirlestur mánudaginn 5. mars.

fridrikab@frettabladid.is



Okkar ástkæri eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,

Ingvar Magnússon
Nýbýlavegi 60,

sem lést á Droplaugarstöðum laugardaginn 4. febrúar, verður jarðsunninn frá Kópavogskirkju þriðjudaginn 14. febrúar kl. 15.00.

Jenny Bjarnadóttir

Bjarni Ingvarsson

Fríða Björk Ingvarsdóttir

Hans Jóhannsson

Ingvar Örn Ingvarsson

Hildur Fjöla Svansdóttir

Baldur Bjarnason, Brynhildur Jenny Bjarnadóttir, Elín

Hansdóttir, Úlfur Hansson, Björk Ingvarsdóttir og Ingvar

Andri Ingvarsson.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

Þorgrímur Þorgrímsson
stórkaupmaður og fyrrverandi ræðismaður Chile, til heimilis að Skildinganesi 23 í Reykjavík,

lést á Landspítalanum í Fossvogi, þann 29. janúar sl. Jarðarförin fór fram í kyrriþey 8. febrúar sl.

Jóhanna Kjartansdóttir Örvar

Hanna Þóra Þorgrímsdóttir

Hrafnhildur Þorgrímsdóttir

Þorgrímur Þ. Þorgrímsson

Elisabeth Saguar

Astrid E. Þorgrímsdóttir


Daníel Þór Þorgrímsson

Verkfræðipekking, tækni og list

Verkís verkfræðistofa á Suðurlandsbraut 4 hefur lýst upp starfsstöðvar sínar á nýjan og spennandi hátt í tilefni 80 ára afmælis á árinu. Leikurinn hófst með því að framhliðin varð að því sem kalla má „tóma striga listarinnar“ þar sem listamenn sýndu Pixel Art-verk og notuðu til þess lýsingu í gluggum. Síðan hefur tekið við margbreytileg lýsing sem framkallar ýmiss konar áhrif og mun lifa áfram fram á útmánuði.

Verkís hefur á sínum snærum marga af færustu lýsingarhönnuðum landsins og Frímenn Frey Kjerúlf Björnsson, sem útskrifaður er úr Listaháskóla Íslandsheiður á heiður að listrænni útfærslu lýsingarinnar, í samvinnu við myndlistarmennina Friðrik Svan Sigurðarson og Geir Helga Birgisson.

„Verkfræðistofur bjóða upp á meira en margir gera sér grein fyrir og er þetta einn liður í að sýna fram á það. Þó Verkís sé 80 ára þá er stofan enginn öldungur heldur hágæða þekkingarfyrirtæki í góðum tengslum við þróun og tækninýjungar á öllum sviðum. Þessi gjörningur sýnir að hægt er að tengja saman verkfræðipekkingu, tækni og list,“ segir Sveinn Ingi Ólafsson, framkvæmdastjóri Verk-



VERKÍS Á SUÐURLANDSBRAUT 2 Er þetta Harpan eða hvað? verður eflaust einhverjum á að hugsa.

ís. Hann bendir á að með uppsetningu ljósanna sé Verkís í raun komið með stóran skjá þar sem fleiri listamenn gætu komið með sínar útfærslur.

Kveikt hefur líka verið á nýstárlegum „Aphrodite“ lömpum á gaflí Ármúla 6 sem eru þeir fyrstu sinnar tegundar á Íslandi og reyndar tvö fyrstu eintökinn sem til eru í heiminum að sögn Sveins Inga.

„Lýsingin framkallar áhrif sem minna á norðurljós eða speglun frá vatni og skapar þannig stemningu með tengingu við náttúruna.“



Sýningin Sjálfsagðir hlutir stendur nú yfir í Hönnunarsafni Íslands. Þar er athygli vakin á hlutum sem oft eru taldir sjálfsagðir í daglegu lífi. Fjölskyldusmiðja verður í tengslum við sýninguna. Þar verða verkefni í tengslum við hráefni og hönnun.

ÞALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar: **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512 5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457



Fyrirtæki - Húsfélög

Við bjóðum upp á sjálfvirkan hurða - opnunarbúnað ásamt uppsetningu og viðhaldi.

Auðveldar aðgengi, hentar vel fyrir aðgengi fatlaðra.

Áratuga reynsla af búnaði tryggir gæðin.



JARN&GLER

Járn & Gler ehf. - Skútuvogur 1h. Barkarvogsmegin - 104 Reykjavík S: 58 58 900-www.jarngler.is

Dögg Guðmundsdóttir, iðnhönnuður í Danmörku, hannaði körfu sem hægt er að tylla sér á



Setið á þvottinum

MYND/SIGURÐUR PÁLL SIGURÐSSON

Við erum að leggja loka-hönd á frumgerðina og svo fer framleiðslan í gang fljótlega. Karfan kemur á markaðinn í vor," segir Dögg Guðmundsdóttir iðnhönnuður þegar Fréttablaðið forvitnast

um nýjustu vöruna hennar Sit, fjölnota körfu sem nýtist einnig sem stóll. Undanfarna mánuði hefur Sit verið til sýnis á 30 ára afmælis-sýningu Snedkerens Efterårs-udstilling í Traphold í Danmörku. „Körfuna er hægt er að nota

undir þvott og tylla sér á hana í þvottahúsinu meðan beðið er eftir vélinni. Hún gæti líka nýst í laut-arferð eða undir teppi og bjórinna á útitónleikum en svo má líka bara

FRAMHALD | 2

HLEÐSLUTÆKI

Passaðu vel uppá rafgeyminn í vetur.



12V 4A

12V 0,8A

SKORRI

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

TUDOR

Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is

Gerir gæða- og verðsamanburð

IQ-CARE

Ein besta heilsudýna í heimi

Svæðisskipt þrýstijöfnunardýna sem veitir fullkominn stuðning. Tveir stíflleikar. Verðdæmi á Queen 153x203 cm á íslenskum botni 179.900 kr.



Svefn & heilsa



www.svefn.is

12 mánaða vaxtalausar greiðslur

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 • Opnið virka daga kl. 10.00 - 18.00 • laugardaga 12.00 - 16.00



Opnað hefur verið fyrir skráningar í dagskrá HönnunarMars sem fram fram dagana 22. - 25. mars. Aðildarfélag Hönnunarmiðstöðvar vinna nú að dagskrá sinni. Mörg þeirra standa fyrir samsýningu sinna félagsmanna. Skráningarfræstur rennur út á miðvikudag.

HITA KÚTAR
Amerísk gæða framleiðsla
30-450 lítrar
Umboðsmenn um land allt
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVÖRUR@RAFVÖRUR.IS

Rafhitarar
í skip, hús og sumarhús
Neysluvatnshitarar
Hitöld (element), hitastillar, hitastýringar og flest annað til rafhitarar.
Við erum sérfræðingar í öllu sem við kemur rafhitun.
Rafhitun
Kaplhrauni 7a • Hafnarfirði
Sími: 565 3265 • Fax: 565 3260
rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is



Ólafur vonast til að lampinn muni í framtíðinni bæta lífsgæði fólks á svæðum þar sem rafmagn er af skornum skammti.

Gólfhitakerfi
Ekkert brot ekkert flot
• Þægilegur hiti góð hitadreifing
• Hítasveiflur / Stuttur svörunartími
• Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
• Fljótlegt að leggja
• Ekkert brot ekkert flot
• Dreifiplötur límdar beint á gólf
• Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flisar, parket)
• Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
• Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt
Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is
Hringas ehf.

Vill bæta lífsgæði þeirra verstu settu með lýsingu

Ólafur Elíasson segir listsköpun hafa sýnt sér hversu mikil áhrif hægt er að hafa á heiminn. Hann hefur nú stofnað fyrirtæki sem selur ódýrar sólarknúnar vörur til landa þar sem rafmagn er munaðarvara.

Listamaðurinn Ólafur Elíasson hefur ásamt danska athafnamanninum Frederik Ottesen stofnað fyrirtækið Little Sun sem framleiðir ódýrar sólarknúnar vörur til heimilisnota. Markmiðið er að selja vörurnar til heimshluta þar sem rafmagn er af skornum skammti.

„Reynslan hefur kennt mér að í gegnum listsköpun getur maður haft ótrúleg áhrif á heiminn. Þannig getur sólarknúnni lampi bætt lífsgæði milljóna manna sem búa á stöðum þar sem rafmagn fæst varla nema með miklum tilkostnaði,“ bendir Ólafur á, þegar hann er spurður út í hugmyndina sem liggur að baki Little Sun.

Í tilkynningu frá fyrirtækinu segir að í kringum 1,6 milljarðar manna búi á slíkum landsvæðum. Þeir borgi um það bil 324 sinnum meira fyrir lýsingu en þeir sem hafi greiðan aðgang að rafmagni og ljósaperum. Af þeim sökum



Ólafur Elíasson kynnti Little Sun á DLD ráðstefnunni í München á dögunum.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

hafi Little Sun nú sett á markað sólarknúnni lampa sem gefi tíu

sinnum meiri lýsingu á tíu sinnum lægra verði heldur en steinolíulampi.

Sólarknúni lampinn, sem er í laginu eins og hringur, er lítil, léttur og þykir vera meðfærilegur á allan hátt. Hann má hengja eða stilla upp nánast hvar sem er, á meðal stærri lampi, hleðslu lýkur og getur þannig lengt dag fjölda fólks til náms, vinnu eða annarra athafna.

Ólafur mun hafa yfirumsjón með allri vöruhönnun hjá Little Sun þar sem fleiri sólarknúnnir hlutir eru á teikniborðinu. Þar á meðal stærri lampi, hleðslu lýkur og getur þannig lengt dag fjölda fólks til náms, vinnu eða annarra athafna. Framleiðslan verður þó látin ráðast af þeim viðtökum sem lampinn hlýtur.
roald@frettabladid.is

Framhald af forsiðu

geyma í henni sokka eða vettlinga í forstofunni og tylla sér meðan farið er í skóna,“ segir Dögg. „Handfangið virkar sem stuðningur við bakið og hægt er að skipta um lit á því en annars er karfan ofin úr svörtu snæri.“

Dögg hannaði körfuna fyrir Norr 11, sem er glænýtt danskt fyrirtæki, www.norr11.com. Þá hannaði Dögg einnig línu útihúsgagna ásamt danska hönnuðinum og arkitektinum Rikke Rützou Arnved, fyrir sama fyrirtæki og er von á hluta línunnar á markað í sumar. Stóllinn Fifty eftir þær stóllur er einnig glæný vara en hann hönnuðu þær fyrir franska fyrirtækið Ligne Roset, sem hægt er að fræðast um á www.lignerose.com.

Dögg hefur verið búsett í Kaupmannahöfn frá árinu 1996 og bjó þar áður á Ítalíu. Spurð hvort á döfinni sé að flytja heim til Íslands segir hún spök: „Ja, maður veit aldrei. Ég er svo sem alltaf að spekulera í því.“ heida@frettabladid.is

Stóllinn Fifty er einnig nýr en hann hannaði Dögg í samvinnu við Rikke Rützou Arnved fyrir franska fyrirtækið Ligne Roset.

MYND/DÖGG GUBMUNDSDÓTTIR



Afrit af minningum

Mikilvægt er að geyma afrit af ljósmyndum á góðum stað.

Fólk sem lendir í þeirri ógæfu að missa eigur sínar í eldsvoða segist oft sjá mest eftir myndalbúnum fjölskyldunnar. Fjölskyldumyndirnar geyma minningar sem ómetanlegt er að ylja sér við og þegar myndir voru teknar á filmu, þótti hollráð að geyma myndirnar á öruggum stað, til dæmis í öryggishólfi. Þá væri hægt að endurprenta ef myndirnar glötuðust.

Í dag heyrta myndatökur á filmur nánast sögunni til og fjölskyldumyndirnar einfaldlega geymdar inni á heimilistölvunni. Hið gamla hollráð er þó enn þá í fullu gildi. Geyma skyldi afrit af öllum myndum á öruggum stað enda tölvur vinsælar af fingralöngum. - rat

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN LÍFIÐ SJÓNVARP

TAKTU VÍSI Á HVERJUM MORGNI!



VÍSIR

HEILSA





Bogi Molby Pétursson lögg.fasteignasali
Finnboði Hilmarsson lögg.fasteignasali
Andri Sigurðsson sölufulltrúi og lögg. leigumíðlari
Tryggvi Kornelíusson sölufulltrúi
Ásdís Írena Sigurðardóttir skjalagerð

Sími 530 6500

heimili@heimili.is

Er um flutt að Suðurlandsbraut 22!

Á Heimili fasteignasölu starfa öflugir fasteignasalar með áratuga reynslu í faginu sem eru tilbúnir að vinna fyrir þig með vönduð vinnubrögð að leiðarljósi.

Okkar verkefni eru:

- Sala og kaup íbúðarhúsnæðis
- Sala og kaup atvinnuhúsnæðis
- Sala og kaup sumarhúsa
- Leigusamningsgerð
- Verðmöt
- Raðgjöf á fasteignamarkaði



heimili
FASTEIGNASALA



Ástþór Reynir Guðmundsson
Lögg. fasteignasali



Auður Kristinsdóttir
Sölufulltrúi RE/MAX

audur@remax.is

Vantar allar gerðir eigna á skrá

Söluverðmetum eign þína þér að kostnaðarlausu

Sími 824 7772

Auður Kristinsdóttir
Sölufulltrúi RE/MAX Senter

Vandað einbýli á einni hæð

Fasteignamarkaðurinn er með til sölu einbýlishús að Breiðuvík 81, Grafarvogi.

Húsið er 238,9 fermetra og á einni hæð með innbyggðum 37,8 fermetra bílskúr. Það stendur á góðum útsýnistað við opið svæði.

Utantvert húsið er í góðu ásigkomulagi. Aukin lofthæð er í því öllu, allt að 3,5 fermetrar. Innréttingar og innihurðir eru allar úr hnotu. Gólf er flísa- og parkettlagt. Stórar rennihurðir með sandblásnum glerjum eru úr forstofu í hol og úr holi í stofur og í eldhús. Stórar verandir eru með skjólveggjum, bæði norðan og sunnan megin við húsið.

Forstofa er búin fataskápum. Hol/sjónvarpsstofa er með arni. Gestasalerni er við hol. Stofur eru samliggjandi og með útsýni til sjávar, að Esju og víðar. Úr þeim er hægt að ganga á verönd með skjólveggjum og heitum potti. Eldhús er með eyju með áfastri borðaðstöðu, helluborði og háfi yfir. Inn af því er þvottaherbergi



Húsið er í góðu ásigkomulagi og glæsileg lóð fylgir.

með innréttingum með vaski. Geymsla er inn af því. Þaðan er útgengt á baklóð. Innangengt er í bílskúr. Hjónaherbergi er rúm-gott og búið fataskápum. Útgengt er á verönd. Badherbergi er rúm-gott og búið vönduðum innréttingum og sturtuklefa. Barnaherbergi er rúm-gott.

Lóðin er teiknuð af Stanislav Bohic.

Seljendur vilja athuga með skipti á minni eign á höfuðborgarsvæðinu.

Til greina kemur að skipta á rað- eða parhúsi á einni hæð eða „penthouse“-íbúð með útsýni og staði í bílageymslu.

Skoðanir fasteigna og leiguíbúða.
Verðmöt fasteigna.
Pend.is – 588 1200

Fasteignasala Mosfellsbæjar

Einar Páll Kjærsted
lögg. fasteignasali.
einar@fastmos.is

KJARNÁ - ÞVERHOLTÍ 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

Arnarhöfði - 270 Mosfellsbær



Nýtt á skrá
Mjög fallett og vandað 189,7 m2 endarahús á 2 hæðum með bílskúr við Arnarhöfða í Mosfellsbæ. Fallegar innréttingar og gólfefni. Fjögur svefnherbergi auðvelt að gera það fimmta. Stór og góð timburverönd er suðvestan megin við húsið. Vinsæl staðsetning. Skipti möguleg á rúmgóðri 4ra herbergja íbúð á höfuðborgarsvæðinu. V. 47,9 m. 10251


Tröllateigur 30 - 270 Mosfellsbær



Nýtt á skrá
Stórglæsilegt 211,9 m2 endarahús á tveimur hæðum við Tröllateig 30 í Mosfellsbæ. Á jarðhæðinni er forstofa, gestasalerni, stofa, borðstofa, glæsilegt eldhús, þvottahús og bílskúr. Á efri hæðinni eru setustofa, hjónaherbergi m/fataherbergi, tvö barnaherbergi, flott badherbergi og þvottahús. Glæsilegar sérsníðaðar innréttingar og falleg gólfefni. Ca. 100 m2 timburverönd í suðvestur. V. 54,0 m. 10248



Tröllakór 2-4 - 203 Kópavogur
Er um með í sölu þrjár fallegar 3ja herbergja íbúðir í lyftuhúsi við Tröllakór 2-4 í Kópavogi. Íbúðunum fylgir sérgeymsla og bílastæði í bílaskjallara. Fallegar innréttingar. Granít í borðplötum og sólbekkjum. Innbyggður ísskápur og uppþvottavél er í innréttingu. Eignir eru lausar til afhendingar strax! V. 24,9 m. 10185



Tröllakór 5-7, íbúð 403 - 203 Kópavogur
Glæsileg 103,4 m2, 3ja herbergja íbúð á efstu hæð í lyftuhúsi með staði í bílageymslu við Tröllakór 5-7 í Kópavogi. Mjög fallegar innréttingar og gólfefni. Rúmgóðar sólarvalir með útsýni. Eignin er laus til afhendingar strax. V. 25,9 m. 10221



Stórikriki 46 - 270 Mosfellsbær
219,3 m2 raðhús á tveimur hæðum, í byggingu, við Stórakrika 46 í Mosfellsbæ. Vel skipulagt samtals 219,3 fm raðhús á tveimur hæðum í byggingu í Mosfellsbænum. Íbúðarlutinn er 192,3 fm og bílskúr 27 fm. Húsið sem er um það bil ferkhelt og lóð gróðfjofnuð selst í núverandi ástandi. Þak er ófrágent og hurðir og gler ekki full frágent. V. 25,5 m. 10095

Frostafold 77 - 112 Reykjavík



Nýtt á skrá

Falleg 95,6 m2, 3ja herbergja íbúð með sérinnangi á 2. hæð við Frostafold 77 í Reykjavík. Mjög fallett útsýni er frá íbúðinni. Stutt er í skóla, leikskóla og alla þjónustu. Eignin er laus til afhendingar strax. V. 19,9 m. 10247

Sóltún 5, íbúð 602 - 105 Reykjavík



Nýtt á skrá

